


**skoðun 12**

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Innréttingar
& gólfefni




**Ný upplýsandi heimasíða**

*Mikil vinna lögð í nýja heimasíðu fyrir þá sem greinast með brjóstakrabbamein.*

**FÓLK**



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**6. nóvember 2012**
261. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



**Stelpur eru sigurvegarar**

*Rithöfundurinn Kristín Tómasdóttir komst að því að stelpur geta allt.*

**bækur 30**

**Sögur í Svíþjóð**

*Sögur útgáfa gaf út sex bækur í Svíþjóð í gær og stefnir á fleiri titla eftir áramót.*

**menning 22**



**Stórleikur**

*Real Madrid og Borussia Dortmund mætast í Meistaradeildinni í kvöld.*

**sport 26**

**veðrið í dag**




**ÚRKOMUSAMT** Í dag ríkja austanáttir, víða 5-10 m/s en hvass-ara allra syðst. Víða úrkoma, rigning sunnantil, slydda suðaustanlands og snjókoma allra austast. Þurrt fram eftir degi N-til.

**VEÐUR 4**

# Kennarar leiðir á skólabjúgum

## Félag grunnskólakennara í Hafnarfirði segir bæinn mismuna starfsmönnum. Á bæjarskrifstofunni sé tvírétta ð í hádeginu en kennarar bíði í röð með nemendum til að fá mat miðaðan við bragðlauka barna.

**KJARAMÁL** „Með góða magafylli er líklegra að umræður á kennarastofunni verði jákvæðar," segir stjórn Félags grunnskólakennara í Hafnarfirði, sem í bréfi til bæjarstjóra kveður starfsmönnum bæjarins mismunað varðandi hádegisverð.

Í nóvember í fyrra kvörtuðu kennararnir undan því við fræðsluráð Hafnarfjarðar að á sama tíma og sumir bæjarstarfsmenn fengju niðurgreiddan mat á veitingastöðum þyrftu kennarar að gera sér „upphitaðan skólamat" að góðu. Í kjölfarið var sú breyting gerð að starfsfólk á bæjarskrifstofunni fékk ekki lengur niðurgreiddan mat á veitingahúsum heldur aðsendan mat frá Skólamat. Kennarar segja siðferðið þó enn vera tvöfalt.

„Starfsfólk skrifstofunnar hefur sérmatseðil hjá Skólamat. Sá matseðill er tvíréttaður alla daga (súpa og aðalréttur) og mun fjölbreyttari en sá sem stendur kennurum til boða úti í skólunum og er eldaður með smekk og bragðlauka barna í huga," segir í bréfi stjórnar kennarafélagsins til bæjarstjórans.

> Í sumum skólum mega kennarar fara fram fyrir nemendur til að sækja sér matinn en þykir það óþægilegt.
>
> **STJÓRN FÉLAGS GRUNNSKÓLA-KENNARA Í HAFNARFIRÐI**

„Á meðan skrifstofufólkið fékk ávaxtafylltan lambaframpart með sætkartöflusósu og súpu máttu kennarar gera sér að góðu skólabjúgu með pakkamús," lýsa kennararnir, sem enn fremur eru ósáttir við hvernig framleiðslu matarins er háttað. Þeir hafi aðeins þrjátíu mínútna hádegishlé og standi í röð með nemendum sínum. „Í sumum skólum mega kennarar fara fram fyrir nemendur til að sækja sér matinn en þykir það óþægilegt og ekki sýna gott fordæmi. Flestir eru þess vegna með nesti."

Þá segir stjórnin grunnþarfir hafa áhrif á líðan fólks og að vaxandi óánægja sé á kennarastofum bæjarins. „Ástandið kemur niður á félagslífi kennara, hefur margþætt áhrif á vinnustaðamóralinn og líðan kennara í starfi," segir í bréfinu. Þar ofan á annað kemur fram að kennarar borgi meira fyrir matinn en kjarasamningur þeirra segi til um, 650 krónur í stað 552 króna.

„Við leggjum fram þá ósk að kennarar fái að sitja við sama borð og annað starfsfólk bæjarins. Að þeim gefist kostur á að kaupa sama mat, á réttu verði og fái hann afgreiddan inn á kennarastofur," segir stjórnin í bréfinu sem lagt var fyrir bæjarráð í síðustu viku. Þar var ákveðið að fela Guðrúnu Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra að ræða málið við kennarana. **- gar**




**DREGUR TIL ÚRSLITA** Barack Obama, sitjandi forseti Bandaríkjanna, er af flestum fréttaskýrendum talinn sigurstranglegri en mótframbjóðandinn Mitt Romney. Kosið verður til forseta og þings í Bandaríkjunum í kvöld. **Sjá síðu 4** NORDICPHOTOS/AFP

Nýr bílaleigueigandi á Íslandi mótmælir fyrirhugaðri vörugjaldahækkun harðlega:

# Gætu þurft að rukka á kílómetrann

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Ég get fullvissað ykkur um að í samkeppnislöndum Íslands, í Skandinavíu, tíðkast ekki að stjórnvöld reki slíkan fleyg í eina atvinnugrein með svo dramatískum hætti og með jafn skömmum fyrirvara líkt og boðað er."

Svo segir í opnu bréfi til þingmanna sem Dag Andre Johansen, framkvæmdastjóri og eigandi RAC Skandinavia, skrifar í Fréttablaðið í dag. Þar mótmælir hann fyrirhugaðri hækkun vörugjalda á bílaleigur.



DAG ANDRE JOHANSEN

RAC Skandinavia keypti í sumar fyrirtækið ALP, sem rekur bílaleigurnar Avis og Budget á Íslandi. Í greininni segir hann að þrátt fyrir gjaldeyrishöft hafi fjárfestingin verið talin hagstæð, ekki síst vegna þeirrar stefnu stjórnvalda að efla ferðaþjónustu. Nú séu hins vegar blikur á lofti.

Johansen segir hækkunina meðal annars geta valdið því að bílaleigur neyddust til að skoða að taka upp kílómetragjald, sem mundi takmarka akstur en á móti einskorða ferðamenn frekar við höfuðborgarsvæðið. **- sh / sjá síðu 16**









**SPURNING DAGSINS**



*Guðbjörg, áttu von á því að Lars gefi ykkur spark?*

„Þurfum við ekki á því að halda?"

Lars Lagerbäck, þjálfari karlalandsliðsins í knattspyrnu, flytur um næstu helgi pistil um starfsaðferðir sínar á ráðstefnu á vegum Guðbjargar Óskar Friðriksdóttur, jógakennara og nuddara.

Rannsókn sýnir að gríðarlegu magni vefnaðarvöru er hent á hverju ári á Norðurlöndum:

# Henda 145 þúsund tonnum af fatnaði

**UMHVERFISMÁL** Árlega er 145 þúsund tonnum af fatnaði og vefnaðarvöru hent í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Þetta er um helmingur þeirrar vefnaðarvöru sem sett er á markað í þessum löndum árlega.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu um rannsókn sem unnin var á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Hluti rannsóknarinnar var að benda á mögulegar aðgerðir sem hefðu það að markmiði að koma í veg fyrir vefnaðarvöruúrgang. Ein tillagan lýtur að því að taka upp framleiðendaábyrgð á vefnaðarvöru sem felur í sér að framleiðendur verði sjálfir látnir axla ábyrgð á því að safna saman notaðri vefnaðarvöru með það að markmiði að auka endurnotkunina.

Höfundar skýrslunnar mæla með því að slíkar aðgerðir verði útfærðar með þeim hætti að framleiðendur hafi hvata til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum vörunnar þegar á framleiðslustiginu.

Sömuleiðis leggja þeir til að útgjöld vegna umhverfisáhrifa fatnaðarins verði reiknuð inn í verð hans.

Þá eru í skýrslunni tillögur um að leggja sérstaka skatta á vefnaðarvörur sem ekki eru vistvænar eða framleiðsluaðferðir sem eru skaðlegar fyrir umhverfið. **- shá**

**Staðreyndir um fatnað og vefnaðarvöru**

- Umhverfisáhrif vefnaðarvöru eru mikil á öllum stigum, en þó einna mest við framleiðslu hennar og notkun.
- Helstu umhverfisáhrif eru losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu og mikil notkun vatns, orku, efna og efnablandna.
- Um 7.000 lítra af vatni þarf til að framleiða einn stuttermabol úr bómull.
- Um 15 kíló gróðurhúsalofttegunda eru losuð út í andrúmsloftið við að framleiða um eitt kíló af vefnaði.

Sænskir þingmenn:

## Tillaga um lægri eftirlaun

**SVÍÞJÓÐ** Tillaga um lægri tekjutryggingar fyrir fyrrverandi þingmenn í Svíþjóð verður kynnt innan skamms.

Á fréttavef Aftenposten segir að stefna eigi að lægri eftirlaunum þingmanna frá og með kosningunum árið 2014.

Miðflokkurinn og aðrir litlir flokkar vilja að nýju reglurnar gildi um alla en í fyrirmælum vinnuhópsins sem þingflokkar hafa skipað stendur að tillagan eigi einungis að gilda um nýkosna þingmenn. Samkvæmt upplýsingum sem TT-fréttastofan fékk var það krafa frá Jafnaðarmannaflokknum og Hægri flokknum.

Taka á ákvörðun á sænska þinginu um málið í vor. **- ibs**



**NEYÐARKALLARNIR SEM SLÁ Í GEGN** Stigvaxandi sala hefur verið á Neyðarkallinum frá því að Slysavarnafélagið Landsbjörg hóf sölu hans í fjáröflunarskyni árið 2006. Sá fyrsti sem er lengst til vinstri er uppseldur og sagður eftirsóttur hjá söfnurum. Neyðarkallinn í ár er hér fremstur í flokki. MYND/SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# Gamlir neyðarkallar hlupu strax í skarðið

**Sala á Neyðarkalli Slysavarnafélagsins Landsbjargar gekk svo vel að sumar björgunarsveitir kláruðu birgðir sínar og gripu þá til eldri gerða af Neyðarkalli. Allt að 75 þúsundum eintaka keypt og tekjurnar fara yfir 100 milljónir króna.**

**BJÖRGUNARSTÖRF** „Almenningur tók sölufólkinu mjög vel og margar sveitir seldu upp sinn skammt," segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, um söluna á Neyðarkallinum svokallaða um helgina.

Þó að sumar björgunarsveitirnar hafi orðið uppiskroppa með Neyðarkalla dóu menn ekki ráðalausir. „Það var verið að draga fram eldri gerðir. Það er líka svolítil eftirspurn eftir þeim því það eru margir byrjaðir að safna og vantar kannski inn í seríuna," segir Ólöf. „Þetta voru helst rústabjörgunargæinn, konan með skíðin og eitthvað af sjóbjörgunarmanninum."

Fyrsti Neyðarkallinn af samtals sjö kom 2006. Sá heldur á talstöð og Ólöf segir hann nú alveg uppseldan og mjög eftirsóttan. „Ég býst við að sjá hann á eBay eftir nokkur ár á hundrað þúsund kall. Ég held að það sé eiginlega ekkert heldur til af fyrstu konunni sem kom 2008. Hún er með bakpoka og ísöxi."

> Ég býst við að sjá hann á eBay eftir nokkur ár á hundrað þúsund kall.
>
> **ÓLÖF SNÆHÓLM BALDURSDÓTTIR**
> UPPLÝSINGAFULLTRÚI SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR

Neyðarkallarnir hafa allir verið hannaðir af Margréti Laxdal og framleiddir í Kína. Ólöf segir söluna hafa stigmagnast með hverju ári.

„Við erum að fara fram úr okkar björtustu vonum. Þessi fjáröflun hefur verið þannig að við höfum selt meira á hverju ári en árið þar á undan," segir Ólöf, sem aðspurð segir ekki hægt að segja til að svo stöddu um heildarsöluna í þetta skipti. „Núna erum við einhvers staðar á bilinu 65 til 75 þúsund kallar seldir."

Hver kall er á 1.500 krónur, þannig að tekjurnar hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg nema líklegast yfir 100 milljónum. „Það var mjög góð sala alls staðar. Við náðum einhvern veginn að komast fram hjá því að þetta óveður setti strik í reikninginn. Víða stukku slysavarnadeildir og unglingadeildir inn og tóku yfir söluna á meðan björgunarsveitin fór í útköll. Það voru allir að hjálpast að," segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir. **gar@frettabladid.is**

Biskup skipar fagráð:

## Kanna bótarétt vegna ofbeldis

**SAMFÉLAGSMÁL Pétur Bürcher, biskup Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, skipaði í gær fagráð kirkjunnar. Tilefnið er skýrsla rannsóknarnefndar Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi.**

**Hlutverk og markmið fagráðsins er að veita álit um bótarétt þolenda kynferðisofbeldis eða annars ofbeldis innan kirkjunnar. Eins að leggja fram tillögur um með hvaða hætti kirkjan geti gert umbætur í ljósi ábendinga og tillagna nefndarinnar.**

**Eiríkur Elís Þorláksson, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, veitir ráðinu forstöðu.**

**Þá mun kirkjan setja á laggirnar ráð til að taka á móti ábendingum og tilkynningum ef upp koma ásakanir um kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot innan kirkjunnar, segir í tilkynningu biskups.** **- shá**

Einingarlistinn í Danmörku:

## Kynlíf systkina verði löglegt

**DANMÖRK** Einingarlistinn í Danmörku vill að systkinum verði heimilt að stunda kynlíf saman. Samkvæmt lögum er slíkt refsivert og getur varðað tveggja ára fangelsi.

Á fréttavef danska ríkisútvarpsins segir að meðal raka fyrir banninu sé að meiri hætta sé á að barn systkina fæðist með erfðagalla en önnur börn.

Ástæðan fyrir afstöðu Einingarlistans tengist heimild kvenna með Downs-heilkenni til að eignast börn. Það er mat talsmanna listans að það sé ekki hlutverk ríkisins að skipta sér af því hverjir eignist börn með hverjum. **- ibs**



**FRÁ UNDIRRITUN** Samningurinn er til fjögurra ára. MYND/RKÍ

Stjórnvöld og RKÍ í samstarf:

## Fé til hjálpar í Hvíta-Rússlandi

**UTANRÍKISMÁL Utanríkisráðuneytið mun veita fé til baráttunnar gegn mansali í Hvíta-Rússlandi í tengslum við samstarfsyfirlýsingu við Rauða krossinn á Íslandi (RKÍ) sem undirrituð var í gær. Þá mun ráðuneytið einnig styrkja verkefni á vegum RKÍ í Hvíta-Rússlandi sem miðar að því að bæta aðstoð við geðfatlaða í landinu.**

**Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Anna Stefánsdóttir, formaður RKÍ, skrifuðu undir samstarfsyfirlýsinguna sem tekur til áranna 2012-2015.** **- shá**

THE BARRAL INSTITUTE

**Sjúkraþjálfarar! Meðferðaraðilar!**

**NM1, Neural Manipulation námskeið verður haldið í Reykjavík 26. til 28. nóvember 2012.**

Á NM1 námskeiðinu lærum við greiningu og meðferð á himnum miðtaugakerfisins og taugum auk þess að skoða áhrif þessara hindrana á allan líkamann. Áhersla er á greiningu og meðferð á mænu og taugum frá háls (eftir hálshnykks áverka), kenndar eru aðferðir til að ná hámarks árangri við að losa um mjúkvefi háls, kennd eru próf til að greina vandamál á cervicobrachial svæði. Kennd er greining og meðferð á mjóbaki og spjaldhrygg og tauga frá því svæði. Franski osteopathinn og sjúkraþjálfarinn Jean-Pierre Barral og franski osteopathinn Alain Croibier þróuðu þessa nálgun. Kennari er Roberto Bonanzinga D.O. BI-D.

**Skráning á www.physio.is eða hjá Erlu Ólafsdóttur sjúkraþjálfara s.8630610 erla@upledger.is www.barral.is**

Stjórnarmenn hjá hjúkrunarheimilinu Eir vilja víkja Vilhjálmi Þ. úr stjórninni:

# Sagður hafa leynt upplýsingum

**SAMFÉLAGSMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Eirar og núverandi stjórnarformaður, er sagður hafa leynt upplýsingum um slæma fjárhagsstöðu hjúkrunarheimilisins. Það hafi gert það að verkum að vandamálið uppgötvaðist mun seinna en ella. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Hjúkrunarheimilið Eir er tæknilega gjaldþrota með skuldir upp á átta milljarða og neikvætt eigið fé. Ástæðan er aðallega sú að lán hafa snarhækkað eftir kostnaðarsamar byggingarframkvæmdir eftir hrun og tekjur ekki staðist væntingar.

Sérstakt björgunarteymi undir forystu KPMG og Lex reynir nú að semja við lánardrottna, Íbúðalánasjóð og lífeyrissjóði. Það voru forsvarsmenn Íbúðalánasjóðs sem ráðlögðu stjórn Eirar að leita aðstoðar eftir að starfsmenn sjóðsins höfðu yfirfarið reikninga hjúkrunarheimilisins.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Hann var áður framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins Eirar og er nú stjórnarformaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það var ekki fyrr en í ágúst eða september á þessu ári sem stjórnin komst að því hversu alvarleg staðan var í raun og veru. Þegar nýr framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna fóru grunsemdir að vakna.

Sá sem var framkvæmdastjóri á undan honum var Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fyrrverandi borgarstjóri. Samkvæmt heimildum fréttastofu Stöðvar 2 telja nokkrir af núverandi stjórnarmönnum að Vilhjálmur hafi vitað hversu alvarleg staðan var orðin strax sumarið 2011. Hann hafi ekki upplýst stjórnina um stöðu mála og beinlínis leynt upplýsingum þar að lútandi.

Samkvæmt heimildum fréttastofu Stöðvar 2 verður málið rætt á fyrirhuguðum stjórnarfundi hjúkrunarheimilisins þar sem Vilhjálmur er nú stjórnarformaður. Þar að auki verður farið fram á það að Vilhjálmur víki úr stjórninni. **- aó**




Skannaðu kóðann
og sjáðu samantekt
Símans frá
Iceland Airwaves

**8.000 manns nýttu sér appið**

Iceland Airwaves app Símans fékk frábærar viðtökur.
Við þökkum fyrir þær og hlökkum til að sjá ykkur að ári!

Síminn

siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM52202

**GENGIÐ 05.11.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,94 | 127,54 |
| Sterlingspund | 202,77 | 203,75 |
| Evra | 162,35 | 163,25 |
| Dönsk króna | 21,763 | 21,891 |
| Norsk króna | 22,079 | 22,209 |
| Sænsk króna | 18,918 | 19,028 |
| Japanskt jen | 1,5813 | 1,5905 |
| SDR | 194,02 | 195,18 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
225,2804

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sakborningur í eins kílós kókaínmáli vill að ákæruvaldið skammist sín:

# Segir mannorð sitt eyðilagt

**DÓMSMÁL** Steinar Aubertsson, sem sætir ákæru fyrir að hafa skipulagt smygl á 570 grömmum af kókaíni til Íslands, segir ákæruna til þess ætlaða að eyðileggja mannorð hans. Við aðalmeðferðina í gær sagði hann að ákæruvaldið ætti að skammast sín.

Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær. Ákæran í málinu er þríþætt. Grömmin 570 komu til landsins í ferðatösku móður konu sem ákærð er í öllum þremur liðinum. Móðirin segist ekki hafa fundið nein fíkniefni við leit í töskunni þegar grunur rann á hana. Hún er ekki ákærð í málinu.

Í öðru lagi er þar á fertugsaldri ákært fyrir að skipuleggja innflutning á 347 grömmum af kókaíni frá Spáni og notast við burðardýr. Í dómssal var leikin upptaka af símtali þar sem konan sem ákærð er fyrir skipulagninguna hótar að „fara í“ dóttur annars burðardýrsins ef það hlýðir ekki skipunum.

Í þriðja lagi er parið ákært fyrir að skipuleggja smygl á 140 grömmum af kókaíni sem aldrei varð. **- sh**



**ÓSÁTTUR OG NEITAR** Steinar var eftirlýstur á vef Interpol vegna málsins þangað til hann var handtekinn í Amsterdam. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nýjar gerðir iPad seljast ört:

# Þrjár milljónir yfir eina helgi



**TÆKNI** Þrjár milljónir spjaldtölva af gerðunum iPad mini og iPad 4 seldust fyrstu helgina eftir að tækin komu á markað 23. október síðastliðin. Það eru tvöfalt fleiri en sala hófst á síðustu kynslóð í mars.

Apple hefur samtals selt yfir hundrað milljónir spjaldtölva síðan iPad kom fyrst á markað fyrir rúmum tveimur árum. **- sh**

Danskir stjórnmálaflokkar:

# Sykurskattur verði afnuminn

**DANMÖRK** Sykur- og fituskattur sem lagður var á gosdrykki, kartöfluflögur og aðra óhollustu hefur ekki leitt til hollara mataræðis hjá Dönum. Nú eru allir stjórnmálaflokkar á danska þinginu sammála um að afnema eigi fyrrgreinda skatta. Flokkarnir eru hins vegar ósammála um framkvæmdina því að með afnámi mun vanta 2,5 milljarða danskra króna í ríkissjóð, að því er segir í fréttum danskra fjölmiðla.

Lögin um fituskattinn tóku gildi í október 21 í fyrra. Stefnt hefur verið að því að leggja á aukasykurskatt frá og með næstu áramótum í Danmörku. **- ibs**

Íbúafundur með lögreglu:

# Sjaldan öruggara í Breiðholti

**REYKJAVÍK** Nýjustu afbrotatölur lögreglunnar sýna að tíðni afbrota er ekki hærri í Breiðholti en að meðaltali annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Innbrotum á heimili hefur fækkað, sem og ofbeldisbrotum, eignaspjöllum og slysum á vegfarendum. Þetta er meðal þess sem kom fram á íbúafundi í Breiðholti í síðustu viku.

Fundurinn var fámennur, en einungis 21 sótti hann. Nokkrir viðruðu áhyggjur sínar af tælingarmálum, þar sem menn hafa reynt að lokka börn upp í bíla til sín, er fram kemur í tilkynningu frá lögreglu. **- sv**

## LEIÐRÉTTING

Í frétt blaðsins á mánudaginn um Ýri Þrastardóttur var skartgripahönnuðurinn Orri Finnbogason rangfeðraður. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Obama mun sigurstranglegri

**Komið er að úrslitastund í forsetakosningunum í Bandaríkjunum. Barack Obama þykir líklegri til að hrósa sigri, en Mitt Romney heldur enn í vonina. Stjórnmálafræðingur spáir hörðum deilum á komandi árum.**

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti getur verið hæfilega bjartsýnn fyrir forsetakosningarnar sem fara fram í nótt, enda benda flestar skoðanakannanir til þess að hann muni tryggja sér þá 270 kjörmenn sem hann þarf til að hreppa hnossið.

Raunar eru helstu sérfræðingar, Nate Silver hjá New York Times og vefurinn RealClearPolitics, á því að Obama muni fá rúmlega 300 af kjörmönnunum 538.

Í þeim tólf ríkjum þar sem munurinn milli frambjóðendanna er enn innan skekkjumarka leiðir Obama í tíu en Mitt Romney aðeins í tveimur; Flórída og Norður-Karólínu.

Nú stendur keppnin um hin fjögur prósent sem eru óákveðin í lykilríkjunum og frambjóðendurnir heimsóttu átta mikilvægustu ríkin í gær. Þeir eru því á miklum endaspretti eftir gríðarlega langa og harðskeytta kosningatörn sem verður sennilega helst minnst fyrir þær metfjárhæðir sem varið hefur verið til hennar. Alls er talið að um sex milljörðum dala hafi verið eytt í kosningar til þings og forseta sem lýkur í kvöld.

James Thurber, prófessor í stjórnmálafræði við American University og einn af virtari stjórnmálaskýrendum í Bandaríkjunum, hélt fyrirlestur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í gær þar sem hann sagði að flest benti til þess að Obama myndi vinna.

Vissulega ættu kjósendur flestir enn eftir að skila sér á kjörstað, en sú spenna sem látið væri með í fjölmiðlum væri ofmetin.

Thurber sagði að Obama hefði tekið afgerandi forystu strax eftir aðrar sjónvarpskappræðurnar við Romney. Hinn síðarnefndi hefði óvænt komist inn í slaginn eftir að Obama hefði staðið sig herfilega í fyrstu kappræðunum. Eftir að forsetinn rétti sinn hlut í öðrum kappræðunum hefur hann haft vind í seglin þó að ekki sé mikill munur á frambjóðendunum í könnunum á landsvísu.

Kosningarnar til öldunga- og fulltrúadeildar þingsins hafa ekki síður verið harkalegar, en ekki er útlit fyrir að valdahlutföll breytist mikið.

Kjörstöðum í fyrstu lykilríkjum verður lokað á bilinu eitt til tvö í nótt að íslenskum tíma og ættu línur að skýrast strax í framhaldinu.

thorgils@frettabladid.is



**ÚRSLITASTUND** Kosið verður til forseta og þings í Bandaríkjunum í kvöld. Valið stendur milli Barack Obama og Mitt Romney, en Obama er talinn líklegur til að verða við stjórnvölinn í Hvíta húsinu næstu fjögur árin. Fyrstu tölur ættu að berast upp úr klukkan eitt í nótt að íslenskum tíma. NIORDICPHOTOS/AFP

## Útlit fyrir pattstöðu næstu árin



Dr. James Thurber er ekki bjartsýnn þegar litið er til næstu ára. Demókratinn Barack Obama þarf að eiga við repúblikana í fulltrúadeildinni og flokksbræður sína í öldungadeild næstu tvö árin hið minnsta, þar til kosið verður til þings á ný. Thurber segir hina pólitísku gjá sem er milli flokkanna á þingi ekki hafa verið meiri frá árinu 1860, en upp úr því leystist þjóðin upp í borgarastyrjöld um afnám þrælahalds. Því bendi flest til þess að lítið komist í verk, sem sé afleitt vegna þess að risavaxin vandamál bíði úrlausnar, til dæmis skuldasöfnun ríkisins og viðvarandi fjárlagahalli, auk þess sem atvinnulífið sé ekki komið á fulla ferð eftir hrun fjármálakerfisins árið 2008.

*Skráðu þig núna í nám og náðu forskoti:*

**Vefsíður og grafík**

Spennandi og kraftmikil námskeið fyrir þá sem vilja læra vefsíðugerð og myndvinnslu í umsjón Sigurðar Jónssonar kerfisfræðings.

- **DreamWeaver vefsíðugerð**
  *Hefst: 19. nóvember/22 stundir/verð: 34.900,-*
- **DreamWeaver vefsíðugerð og Photoshop (tilboð)**
  *Hefst: 19. október/45 stundir/verð: 59.000,-*
- **Photoshop myndvinnsla**
  *Hefst: 12. nóvember/22 stundir/verð: 34.900,-*
- **Joomla vefsíðugerð**
  *Hefst: 10. desember/18 stundir/verð: 27.900,-*

**Rúmlega 1.450 einstaklingar** hafa sótt vefsíðugerðarnám okkar.

**Tölvunám TV til betri verka**

– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

1 stund = 40 mínútur
43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is

## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**ÚRKOMUSAMT** Í dag verður fremur úrkomusamt á landinu, einkum sunnantil. Á morgun eru horfur á éljum víða um land og á fimmtudaginn léttir heldur til norðan- og austanlands, þá má búast við smá vætu SV-til og éljum á Vestfjörðum.



Á MORGUN 3-8 m/s, hvassara SA-til.

FIMMTUDAGUR Hvessir eftir hádegið S- og V-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 8° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 8° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 7° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | 2° |
| París | 9° |
| San Francisco | 24° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Við á VOX og Hilton Reykjavík Nordica erum afar stolt af Sigurði Kristni og matreiðslumönnunum okkar á VOX sem hafa um árabil skarað fram úr í matreiðslu-keppnum á innlendum og erlendum vettvangi.

# BOCUSE D´OR
# KVÖLDVERÐUR Á VOX

Í tilefni þess að **Sigurður Kristinn Laufdal Haraldsson** matreiðslumaður á VOX keppir fyrir hönd Íslands á Bocuse D'Or 2013 býður VOX glæsilegan BOCUSE D´OR matseðil **9. og 10. nóvember**.



**Bleikja frá Haukamýri**
Grenigrafin bleikja með fingurkáls- og rófuhrásalati, bleikjuhrognum og dilli

**Skelfiskur**
Íslenskur leturhumar, færeysk hörpuskel, bláskel frá Stykkishólmi og möndlur í ilmandi skelfisksúpu

**Nautalund**
Steikt nautalund með ostrusveppunum hans Ragga, bökuðum rauðbeðum, hnúðselju og einiberjasmjöri

**Ber og súkkulaði**
Hvítsúkkulaðifrauð, berjakrapís, heslihnetur og saft

Verð á mann 9.900 kr.

Bocuse d'Or
AKADEMIA ICELAND

Bocuse d'Or
LYON 2013

PICCINI
wines since 1882

Fyrir kvöldverðinn býðst gestum að smakka eðalvín frá *Piccini*

## Jólin byrja á Hilton Reykjavík Nordica og VOX þann 19. nóvember

Frá 23. nóvember til 15. desember verður okkar víðfræga jólahlaðborð á boðstólunum öll föstudags- og laugardagskvöld.
Frá 19. nóvember verða hádegishlaðborðið okkar og helgarbrunchinn með sparilegum jólasvip.

**Borðapantanir og nánari upplýsingar í síma 444 5050 | vox@vox.is**
Kynnið ykkur tilboð á gistingu á Hilton Reykjavík Nordica: www.hilton.is

VOX RESTAURANT

Hilton
REYKJAVIK NORDICA

ENNEMM / SIA / NM54643

## VEISTU SVARIÐ?




**1.** *Hver er áætlaður kostnaður við uppsetningu 4G-kerfis á Íslandi?*

**2.** *Hversu mörgum gestum þarf veitingastaðurinn Noma í Kaupmannahöfn að vísa frá árlega?*

**3.** *Hvar er fimm daga ráðstefna sýrlenska þjóðarráðsins haldin?*

**SVÖR:**

*3. Í Katar.*

*1. 33 milljarðar. 2. Um milljón manns.*

Leyniþjónusta danska hersins varar við áhuga á auðlindum Grænlands:

# Kína býður fé í námuverkefni

**GRÆNLAND** Grænlenska landsstjórnin á nú í samningaviðræðum við stærsta ríkisbanka Kína um fjármögnun námuverkefnis fyrir utan Nuuk sem mun veita Kínverjum aðgang að eftirsóttum náttúruauðlindum. Samtímis segir leyniþjónusta danska hersins í ársskýrslu sinni að mikill áhugi stórvelda eins og Bandaríkjanna, ESB, Rússlands og Kína á náttúruauðlindum Grænlands geti verið varasamur út frá öryggisjónarmiðum. Áhugi Kínverja á Grænlandi geti leitt til stórpólitískrar spennu.

Þetta kemur fram á fréttavef Politiken sem kveðst hafa upplýsingar um að bankinn China Development Bank, sem sagður er vera undir beinni stjórn kínversku stjórnarinnar og eiga að tryggja Kína aðgang að mikilvægum auðlindum um allan heim, sé reiðubúinn að leggja til 14 milljarða danskra króna í verkefnið.


**NUUK** Grænlendingar semja nú við stærsta ríkisbanka Kína um fjárframlög.

Greint er frá því að breska fyrirtækið London Mining sjái um sjálft verkefnið. Það geti hins vegar ekki fjármagnað það og þess vegna komi China Development Bank inn í myndina.

Samkvæmt sjálfstjórnarlögunum frá 2009 ráða Grænlendingar yfir náttúruauðlindum sínum. Öryggis- og utanríkismál þeirra eru enn undir stjórn Dana. - ibs

Nýr forstöðumaður í borginni:

# Einar Bárðar í höfuðborgina

**STJÓRNSÝSLA** Einar Bárðarson, umboðs- og athafnamaður, hefur verið ráðinn forstöðumaður Höfuðborgarstofu. Einar var valinn úr hópi 27 umsækjenda.

Einar mun í sínu nýja starfi „bera ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan“, eins og segir í tilkynningu. Einar segist með þessu feta í fótspor mikils hæfileikafólks sem hefur gegnt þessari stöðu.

„Þetta verður mjög skemmtilegt og ég hlakka mikið til að komast til starfa,“ segir Einar. - þj

ANOTHER KIND OF SCHOOL
Study in Denmark
Learn and investigate in Africa
Licentiate of 3 years in Pedagogy * Info Meeting Reykjavik 8.11
For more information: puk@humana.org * 0045 24424133 *
www.one-world-volunteer.net

# Lækka kröfurnar ef ráðuneyti krefst þess

**Viðskiptaháskólinn í Kaupmannahöfn hafnar ásökunum um mismunun á grundvelli tungumála. Hann muni þó breyta skilyrðum sínum ef yfirvöld ytra úrskurði um slíkt. Íslenskur nemi er tilbúinn að leita réttar síns fyrir dómi.**

**MENNTUN** Forsvarsmenn Viðskiptaháskólans í Kaupmannahöfn (CBS) telja sig ekki vera að brjóta á íslenskum umsækjendum með því að setja skilyrði um að hafa lokið átján einingum í dönsku í framhaldsskóla til að fá inngöngu í nám á dönsku. Ef dönsk yfirvöld komist hins vegar að þeirri niðurstöðu að kröfuna skuli lækka muni skólinn þó lúta henni.


GUNNAR GÍSLASON

Fréttablaðið sagði á dögunum frá því að sex íslenskum námsmönnum hið minnsta hefði verið synjað um skólavist af þessum sökum. Þrír hafa kært ákvörðunina til skólayfirvalda, meðal annars með þeim rökum að hún brjóti gegn Tungumálasáttmála Norðurlandaríkjanna. Mál eins þeirra er komið fyrir danska ráðuneytið.

Rie Snekkerup, sem er yfir kennslusviði CBS, segir í samtali við Fréttablaðið að umsækjendur þurfi allir að uppfylla sömu kröfur.

„Óháð upprunalandi þarf umsækjandi að hafa lokið A-stigs prófi í dönsku til að komast inn í nám sem fram fer á dönsku. Sama krafa er gerð til allra, svo að hér er ekki um mismunun að ræða.“

Eitt helsta umkvörtunarefni íslensku umsækjendanna er viðmið CBS um átján einingar í dönsku í framhaldsskóla til jafngildis A-stigsprófinu. Aðeins er krafist níu eininga í dönsku til stúdentsprófs, og átján einingar eru vart í boði. Menntamálaráðuneytið á Íslandi hefur meðal annars staðfest það með bréfi.

Snekkerup segir að þetta sé einfaldlega það sem CBS hafi metið sem viðunandi kunnáttu til að komast í gegnum námið.

„Ef ráðuneytið hér í Danmörku kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að við þurfum að breyta okkar inntökuskilyrðum af þeirri ástæðu munum við auðvitað hlíta því.“

Hún bætir við að umsækjendum sem ekki uppfylli skilyrðin bjóðist að taka stöðupróf í dönsku.

Gunnar Gíslason er einn þeirra Íslendinga sem var hafnað af CBS. Hann hefur kært málið til ráðuneytisins ytra og segist ekki ætla að gefa sig fyrr en staðfest sé að skólinn sé í órétti.

„Þetta er augljós mismunun sem ég get ekki setið undir,“ segir Gunnar, sem flutti nýlega heim eftir tæp fimm ár í Danmörku.

Hann bætir því við að ekki sé hlaupið að því taka stöðuprófið sem CBS vísar til og námskeiðið sem því fylgir. Gunnar er þó vongóður um að niðurstaða í máli hans fyrir ráðuneytinu verði honum í hag, þó að margir mánuðir muni líða þar til það skýrist.

„Þá er spurning hvort CBS semur við okkur um skaðabætur vegna mismununar og seinkunar á námi í eitt ár, eða hvort þeir vilji frekar fara með það fyrir dóm. Ég er staðráðinn í að fara með málið alla leið.“ thorgils@frettabladid.is

### Enginn tungumálatálmi í HÍ:

Háskóli Íslands krefst ekki sérstakrar íslenskukunnáttu hjá umsækjendum frá Norðurlöndum, sem sækja um nám sem fram fer á íslensku. Gísli Fannberg, deildarstjóri á matsskrifstofu kennslusviðs HÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið að tugir Norðurlandabúa væru til dæmis við nám hér hverju sinni og íslenskukunnátta skapi almennt ekki vandamál.

„Það segir sig sjálft að í sumt nám getur íslenskan orðið þeim fjötur um fót, til dæmis þar sem inngöngupróf fara fram á íslensku, en almennt talað þá komast þau inn á sínu stúdentsprófi, enda sýnir reynslan okkur það að Norðurlandabúar eru mjög fljótir að ná íslenskunni.“


Skoða mismunun í dönskum háskóla

DELL Latitude E5430
Öflugur vinnuhestur
á góðu verði
Styrkt umgjörð tölvunnar hentar vel fólki á ferðinni.
Listaverð ~~239.990~~ kr. stk.
1-9 tölvur 159.900 kr. stk.
10+ tölvur 149.900 kr. stk.
Nánari upplýsingar á www.advania.is/kynningarverd
í síma 440 9010 eða í tölvupósti sala@advania.is
Öll verð eru með vsk.
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.
Sætún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000
advania
Welcome to IT

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS
Ísland og Evrópa:
Samband á tímamótum
Þriggja kvölda námskeið um Evrópumál
út frá sjónarhóli Íslands.
Fyrir alla sem hafa áhuga á Evrópumálum og þjóðmálum almennt. Engrar sérþekkingar er krafist.
Staðnámskeið hefst 14. nóvember
Fjarnámskeið hefst 26. nóvember
– skráningarfrestur til 16. nóvember
Námskeiðsgjald aðeins 3000 krónur
Nánari upplýsingar og skráning á endurmenntun.is
eða í síma 525 4444
Evrópustofa
Upplýsingamiðstöð ESB


**KÓPAVOGSBÆRINN** Friðunin nær til ytra byrðis húsasamstæðunnar; elsta húsið var byggt árin 1902-1904. MYND/KÓPAVOGUR

Gamli Kópavogsbærinn friðaður samkvæmt tillögu Húsafriðunarnefndar:

# Fyrsta húsið friðað í Kópavogi

**MENNING** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur samþykkt tillögu Húsafriðunarnefndar um að friða gamla Kópavogsbæinn á Kópavogstúni. Bæjarstjórn Kópavogs ákvað nýverið að hefja undirbúning að nauðsynlegum lagfæringum á húsinu, sem er það fyrsta í Kópavogi sem er friðað.

Húsið er elsta húsið í Kópavogi og var reist af Erlendi Zakaríassyni. Erlendur var steinsmiður og hlóð hann bæ sinn úr tilhöggnu grjóti og notaði steinlím með svipuðum hætti og hann hafði lært þegar hann vann við byggingu Alþingishússins á árunum 1880 til 1881. Húsið er nú í eigu Kópavogsbæjar og er eitt fárra steinhlaðinna húsa sem enn standa utan Reykjavíkur.

„Því hefur það, ásamt síðari tíma viðbyggingum, mikið varðveislugildi sem eini uppistandandi vitnisburðurinn um elstu byggð Kópavogs og þann búskap sem stundaður var frá fornu fari á því svæði sem nú markar þéttbýli Kópavogs,“ segir á vef Húsafriðunarnefndar.

Á landinu öllu eru nú 475 friðaðar byggingar. Af þeim eru 211 friðaðar kirkjur. 262 byggingar eru friðaðar vegna aldurs og 147 friðaðar með ákvörðun ráðherra eða sveitarstjórnar. - shá



**Audi Q7** 3,0 TDI 240 hö
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 24.500 km, skálfskiptur
**Ásett verð:**
**10.950.000,-**

# LÁTTU VEÐRIÐ EKKI STOPPA ÞIG

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!




**MM Pajero** Instyle
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**9.390.000,-**



**MM Pajero** 3.2 Instyle
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 25.000, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**9.390.000,-**




**MM Pajero** 3.2 Instyle
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 25.000, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**9.390.000,-**



**MM Pajero** 3,2 Intense
Árgerð 2009, dísel
Ekinn 96.000, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**9.390.000,-**



**VW Touareg** 5,0 V10
Árgerð 2003, dísel
Ekinn 89.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**3.490.000,-**



**VW Tiguan** Track&Sport
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 27.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.790.000,-**



**M. Benz** ML500 W164
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 60.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**4.940.000,-**



**VW Touareg** V6
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 92.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.990.000,-**
**Tilboð:**
**2.490.000,-**



**BMW** X5 3.0d E70
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 19.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**11.490.000,-**



**Toyota** Land Cruiser 150 GX
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 33.500 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**9.290.000,-**




**Nissan X-Trail** SE
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 102.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.290.000,-**
**Tilboð:**
**2.790.000,-**




**MM Pajero** 3,5 GLS
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 115.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.790.000,-**
**Tilboð:**
**2.390.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**



MÆLIEINING, VARÐVEISLA OG MIÐLUN
er önnur mynt raunverulegur kostur?

**Arion banki býður til ráðstefnu fimmtudaginn 8. nóvember þar sem fjallað verður um möguleika Íslands í gjaldmiðilsmálum. Ráðstefnan verður haldin frá kl. 13–15 í Arion banka, Borgartúni 19.**

**DAGSKRÁ**

- Már Guðmundsson, Seðlabankastjóri: *Valkostir Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum*
- Ragnar Árnason prófessor: *Kostir í gjaldmiðilsmálum: Hagfræðileg greining*
- Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda: *Hversu lengi dugir krónan?*

Að erindum loknum munu frummælendur ásamt fulltrúum stjórnmálaflokka sitja fyrir svörum.

Í pallborði verða auk frummælenda: Illugi Gunnarsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Katrín Júlíusdóttir og Katrín Jakobsdóttir.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, setur fundinn og fundarstjóri verður Halldór Bjarkar Lúðvígsson, framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs.

**Skráning á arionbanki.is.**

Arion banki

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-2430

# Tónlistarfólk sektað fyrir utan Hörpu

**Tónlistarmenn eru óánægðir með sektir sem tugir þeirra fengu á meðan þeir báru búnað sinn inn í Hörpu um Airwaves-helgina. Allir jafnir, líka tónlistarmenn, segir framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs.**

**REYKJAVÍK** „Óánægjan með óliðlegheit bílastæðavarða og annarra er gríðarlega mikil í okkar hópi,“ segir Frank Arthur Blöndal Cassata, gítarleikari hljómsveitarinnar Nóru og einn af tugum tónlistarmanna sem fengu stöðubrotssekt fyrir utan Hörpu um helgina á meðan þeir ferjuðu hljóðfæri og búnað inn í tónlistarhúsið þar sem hátíðin Iceland Airwaves fór fram.



FRANK ARTHUR BLÖNDAL CASSATA

Frank segir tónlistarmenn marga hverja hafa lagt við fjærenda bryggjunnar austan megin Hörpu, og borið búnað sinn inn um vörumóttöku sem þar er. „Þar var mörgum bílum lagt snyrtilega og hvergi augljóst að ekki væri um bílastæði að ræða.“

Hann segir tónlistarmenn marga hafa lært það af biturri reynslu að skilja dýran búnað ekki við sig, og því hafi ekki komið til greina að stökkva inn um dyrnar með hann og færa svo bílinn. „Heldur þurftum við að ganga með hann langan spöl um ranghala Hörpu, þar til allt var komið í öruggt skjól hjá sviðsmönnum baksviðs. Þetta ferðalag tekur margar mínútur, að skrifa stöðumælasekt tekur fáar mínútur.“

Þegar út var komið hafi verið búið að sekta bíl hans, og það sama hafi átt við um marga aðra. „Okkur var sagt af stöðumælaverði að húsvörður Hörpu hefði lagt lykkju á leið sína til að hringja þá út til að sekta,“ bætir hann við.

Þessu vísar Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu, á bug. „Að við séum að siga stöðumælavörðum á bíla hér fyrir utan, ég tala nú ekki um okkar ágætu viðskiptavini þegar þeir eru að bera inn sín hljóðfæri, það er bara tóm vitleysa. Ég heyrði þessa sögu líka og spurðist fyrir um þetta,“ segir Halldór.

„Þetta hefur ekkert með okkur að gera, þetta er ekki einu sinni okkar umráðasvæði. Bílastæðasjóður gerir þetta alveg af sjálfsdáðum. Einu skiptin sem við ömumst við þessu er þegar fólk leggur fyrir framan brunahana.“

Frank segir að mönnum sé nú ljóst að þarna sé ólöglegt að leggja. Hins vegar þurfi að merkja svæðið betur. Nokkrir tónlistarmannanna hafi sent andmæli til Bílastæðasjóðs vegna sektanna.

Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs, segist reglulega fá beiðnir frá starfsmönnum Hörpu um að koma og sekta þar bíla. Hún viti hins vegar ekki hvort svo hafi verið í þessu tilviki. „Það er bara bannað að leggja þarna. Það eru skilti við innganginn á svæðið sem eiga að vera mjög áberandi,“ segir hún.

„Við erum ekkert sérstaklega að herja á tónlistarunnendur frekar en fótboltaunnendur. Við eigum bara að sjá til þess að þetta sé í lagi. Það eru allir jafnir – hvort sem þeir eru tónlistarmenn eða bara ég og þú niðri í bæ,“ segir Kolbrún.

stigur@frettabladid.is





Skattstofnar atvinnulífsins

RÆKTUN EÐA RÁNYRKJA?

Opinn fundur SA í Hörpu – Silfurbergi, föstudaginn 9. nóvember kl. 8.30–10.00

Frummælendur:
**Hannes G. Sigurðsson**, aðstoðarframkvæmdastjóri SA
**Árni Gunnarsson**, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands og formaður SAF
**Höskuldur H. Ólafsson**, bankastjóri Arion banka og formaður SFF
**Magnús Þór Ásmundsson**, forstjóri Alcoa á Íslandi og formaður Samáls
**Margrét Kristmannsdóttir**, framkvæmdastjóri Pfaff og formaður SVÞ
**Pétur Hafsteinn Pálsson**, framkvæmdastjóri Vísis hf. Grindavík
**Svana Helen Björnsdóttir**, forstjóri Stika og formaður SI
**Vala Valtýsdóttir**, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte á Íslandi

Samantekt:
**Vilhjálmur Egilsson**, framkvæmdastjóri SA

Fundarstjóri:
**Vilmundur Jósefsson**, formaður SA

**Þátttakendur fá nýtt rit SA um skattamál atvinnulífsins sem kemur út sama dag.
Boðið verður upp á kraftmikið kaffi og morgunhressingu frá kl. 8.00.**

SKRÁNING Á WWW.SA.IS

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# Erum flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði að Mörkinni 1!











Erum með mikið úrval af gæða flísum og parketi. Fagleg og persónuleg þjónusta.

GALLERY GÓLF

PARKET & FLÍSAR

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 www.gallerygolf.is. Opið alla virka daga 10 -18, laugardaga 11 -15.

## Trilafon veldur síður þyngdaraukningu



„Lyfið er óumdeilanlega góður kostur við meðferð geðklofa og það er ekki hægt að fullyrða að nýrri lyf séu almennt betri.

**MAGNÚS HARALDSSON**
GEÐLÆKNIR Á LSH

Árið 2005 birtust niðurstöður stærstu óháðu rannsóknar sem gerð hefur verið á lyfjameðferð við geðklofa í Bandaríkjunum. Þar kom fram að perfenazín er jafnvirkt nýrri og dýrari geðrofslyfjum sem komið hafa fram á síðustu 15 árum. Þá reyndist hætta á alvarlegum aukaverkunum frá taugakerfi ekki meiri en af nýrri lyfjum sem kynnt hafa verið sem betri kostur. „Á tímum ofþyngdarfaraldurs á Vesturlöndum er einnig afar mikilvægt að perfenazín veldur síður þyngdaraukningu en flest önnur geðrofslyf,“ bendir Magnús á. „Aukin líkamsþyngd er algeng aukaverkun margra geðlyfja, sérstaklega margra nýrri geðrofslyfja, en hún eykur hættu á öðrum sjúkdómum, svo sem sykursýki og hjarta- og æðasjúkdómum.“


# JEPPADEKK

fyrir flestar stærðir jeppa og jepplinga




Vönduð amerísk heilsársdekk
- stærðir 31- 44 tommur
- slitsterk
- neglanleg
- má míkróskera
- frábært veggrip

Gott verð!

Skjót og góð þjónusta!

Dekkjaverkstæði á staðnum.
Bjóðum alla almenna dekkjaþjónustu.

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is


# Hætta framleiðslu á vinsælu geðklofalyfi

**Geðlæknir á LSH er uggandi yfir því að framleiðslu verði hætt á vinsælu geðlyfi. Eitt ódýrasta geðrofslyfið. Kallar eftir ábyrgð lyfjaframleiðenda til að bregðast við. Umboðsaðili segir undanþágulyfseðla veitta fyrir samheitalyfi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Magnús Haraldsson, geðlæknir á Landspítalanum, segir það grafalvarlegt mál að lyfjaframleiðandinn Merck Sharp & Dome (MSD) ætli að hætta framleiðslu á geðklofalyfinu perfenazíni (Trilafon) í töfluformi. Um gamalt og vinsælt geðlyf sé að ræða, sem um leið sé eitt það ódýrasta á markaðnum og sé notað af hundruðum Íslendinga í dag með góðum árangri.

„Lyfið er óumdeilanlega góður kostur við meðferð geðklofa og það er ekki hægt að fullyrða að nýrri lyf séu almennt betri,“ segir Magnús. Hann segir lyfið í raun það eina í sínum flokki sem hafi staðið sig svo vel í samkeppninni við nýrri lyf í langtímameðferð að það er enn í mikilli notkun hér á landi.

MSD gaf þá útskýringu vegna framleiðslustoppsins annars vegar að aðrir meðferðarmöguleikar væru í boði og hins vegar að framleiðsla lyfsins væri flókin.

„Það er erfitt að sjá hvers vegna framleiðslan ætti að vera flóknari í dag en fyrir rúmum 40 árum þegar lyfið kom fyrst á markað,“ segir Magnús. „Við hljótum þá að spyrja um ábyrgð lyfjaframleiðenda þegar lyf sem sannanlega er sýnt fram á að séu góður valkostur við alvarlegum sjúkdómum er nær fyrirvaralaust tekið af markaði.“




**HÆTTIR Á MARKAÐI** Hundruð geðklofasjúklinga á Íslandi nota Trilafon með góðum árangri. Það er jafnframt eitt ódýrasta geðklofalyfið á markaðnum, en framleiðslu á því verður hætt á næstunni.

Ekkert samheitalyf verður sett formlega á markað eftir að Trilafon fer af markaði hér í byrjun næsta árs, en læknar geta sótt um undanþágulyfseðil hjá Lyfjastofnun vegna samheitalyfja fyrir sjúklinga sína. „Þetta getur verið meiriháttar mál fyrir fleiri hundruð einstaklinga sem hafa verið að nota þetta lyf lengi,“ segir Magnús.

Arnþrúður Jónsdóttir, sölu- og markaðsstjóri MSD á Íslandi, segir að samheitalyfið, sem er framleitt af Orion Pharma, hafi sama virka efni og Trilafon. Lyfjastofnun hafi gefið fyrirheit um að greiða leiðina fyrir lækna að fá undanþágulyfseðla vegna þess.

„Það er verið að taka lyfið af markaði á heimsvísu,“ segir hún. „Auðvitað er skiljanlegt að það er erfitt fyrir sjúklinga að skipta um nafn á lyfjunum sínum, en það er því miður ekkert annað í stöðunni í þessu tilfelli.“

Trilafon í stunguformi verður áfram á markaði, sem og forðalyfið sem er gefið í stærri skömmtum.

Um 3.000 einstaklingar þjást af geðklofa hér á landi. Algengustu einkennin eru ranghugmyndir, ofskynjanir, hugsanatruflun og tilfinningaflatneskja. Lyfjameðferð með geðrofslyfjum er talin ein virkasta meðferðin við sjúkdómnum.

sunna@frettabladid.is




105 missa vinnuna:

# Tvær hópuppsagnir í október

**ATVINNUMÁL** Vinnumálastofnun bárust tvær hópuppsagnir í október 2012. Um er að ræða tilkynningu um uppsagnir í samgöngum og flutningum og tilkynningu um hópuppsagnir í verslunarrekstri.

Heildarfjöldi þeirra sem sagt er upp er 105 manns. Uppsagnirnar taka flestar gildi á tímabilinu nóvember 2012 til febrúar 2013.

Vinnumálastofnun hafa borist sex tilkynningar um hópuppsagnir frá janúar til október á árinu 2012, þar sem 237 manns hefur verið sagt upp störfum. - shá

Miðstöð fyrir fjölskyldur alvarlega veikra barna verður opnuð á Seltjarnarnesi:

# Meira en 40 veik börn á listanum

**SAMFÉLAGSMÁL** Stuðningsmiðstöð fyrir fjölskyldur og aðstandendur barna með sjaldgæfa og alvarlega sjúkdóma verður opnuð við hátíðlega athöfn í dag. Miðstöðin var stofnuð fyrir féð sem safnaðist í átakinu Á allra vörum.

Um hundrað milljónir söfnuðust í átakinu en Bára Sigurjónsdóttir, forstöðumaður miðstöðvarinnar, segir að enn eigi fleiri gjafir eftir að koma með í reikninginn.

Á milli fjörutíu og fimmtíu börn með alvarlega og sjaldgæfa sjúkdóma eru á lista miðstöðvarinnar og segir Bára að búið sé að bjóða fjölskyldum þeirra að nýta sér aðstöðuna. Flestar þeirra verða við opnunina í dag. Börnin eru flest sex ára eða yngri.



**FALLEGT HÚSNÆÐI** Miðstöðin stendur við Austurströnd 3 á Seltjarnarnesi og er um 150 fermetrar.

Miðstöðin er í 150 fermetra húsnæði við Austurströnd 3 á Seltjarnarnesi.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra mun skrifa undir viljayfirlýsingu í húsinu klukkan eitt í dag. Formleg opnunarathöfn hefst hins vegar klukkan 16 og stendur í tvær klukkustundir. Bára hvetur alla til að mæta.

„Þjóðin á þessa stöð. Það eru allir velkomnir.“ - sv



**JÓLATRÉ Í PARÍS** Í stórversluninni Galeries Lafayette í París er búið að setja upp þetta stóra bláleita jólatré. NORDICPHOTOS/AFP



**NEMAR** Iðnmenntun karla á Suðurnesjum er yfir landsmeðaltali. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iðnmenntun algeng:

# Suðurnes bæta menntastöðuna

**MENNTAMÁL Suðurnesin styrkja menntastöðu sína. Svo sýnir könnun Capacents um menntunarstig á Íslandi 2011-2012. Hlutfall kvenna á Suðurnesjum sem eru með stúdentspróf sem hæstu námsgráðu er vel yfir landsmeðaltali og það hæsta sem greint er eftir átta landshlutum. Þá er iðnmenntun karla á Suðurnesjum vel yfir landsmeðaltali.**

**Í könnuninni kemur þó fram að heildarhlutfall karla og kvenna sem hafa stúdentspróf er undir landsmeðaltali þar sem karlar eru greinilegir eftirbátar kvenna. Karlar bæta það upp með því að iðnmenntun karla á Suðurnesjum er vel yfir landsmeðaltali.**

**Enn er hátt hlutfall íbúa sem hafa einvörðungu lokið grunnskólaprófi.** - shá

Kjaradeila harðnar:

# SA samþykkir verkbann LÍÚ

**ATVINNUMÁL** Stjórn Samtaka atvinnulífsins samþykkti á fundi í gær að heimila Landssambandi íslenskra útvegsmanna að sækja heimild til verkbanns til aðildarfélaga.

Ályktunin sem SA samþykkti er svohljóðandi: „Stjórn SA heimilar Landssambandi íslenskra útvegsmanna að taka ákvörðun um verkbann sem nær til sjómanna sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum sambandsins.“

Aðalfundur LÍÚ, sem haldinn var í lok síðasta mánaðar, samþykkti að ef ekki tækjust samningar um skiptingu aflaverðmætis milli útvegsmanna og sjómanna skyldi efnt til atkvæðagreiðslu um boðun verkbanns. - shá

## PRÓFKJÖR

**Arnar vill 4.-5. sætið**
Arnar Guðmundsson, formaður Félags frjálslyndra jafnaðarmanna, býður sig fram í 4-5. sæti í forvali Samfylkingar í Reykjavík fyrir þingkosningar í vor.

**Sveinbjörg vill 2. sætið**
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir lögmaður gefur kost á sér í annað sæti framboðslista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður fyrir komandi alþingiskosningar.

**Þorsteinn vill 2.-3. sætið**
Þorsteinn Magnússon lögmaður sækist eftir 2.-3. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík í komandi þingkosningum.



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samspil montturna og íslenzks veðurfars:

## Skjólið á Höfðatorgi

Hluti af arfleifð góðærisins í aldarbyrjun er gler- og stálturnar hingað og þangað um höfuðborgina. Þetta eru misljót minnismerki um tímann þegar öll umsvif fóru út úr eðlilegum skala, hvort sem það voru heimsveldisbyggingar í viðskiptum, stíflu- eða húsbyggingar. Ekkert af þessum húsum er í góðri sátt við umhverfi sitt nema helzt turninn við Smáratorg, sem kallast skemmtilega á við bílastæðaflæmin í kring og hálfbyggða turninn hinum megin við götuna, sem enginn veit hvað á að gera við. Höfðatorgsturninn er ein skelfingin; byggður í útjaðri smágerðs íbúðahverfis, þar sem íbúarnir börðust hetjulegri baráttu gegn óskapnaðinum og bentu meðal annars á hvað byggingin væri í gargandi ósamræmi við umhverfið, skuggavarp og fleira.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Eitt af því sem nágrannarnir höfðu á móti turninum á sínum tíma var að hann væri líklegur til að taka á sig mikinn vind og valda sviptivindum og vindhviðum í nágrenninu. Þetta var stutt rökum um að kubbslaga byggingar eins og Höfðatorgsturninn er tækju á sig vind í mikilli hæð, sem væri enn sterkari en vindurinn niðri við jörð, og beindu honum niður á göturnar í kring.

Undir þetta tóku fræðimenn sem vissu sitthvað um veður og vinda. Meðal annars var bent á að kubbsformið væri einmitt það óheppilegasta og í útlöndum væri farið að hanna háhýsi sem klyfu vind mun betur en Höfðatorgs-dómínókubburinn.

Þessar áhyggjur voru afgreiddar sem hvert annað píp. Aðalhönnuður byggingarinnar greindi frá því að við hönnunina hefði „sérstaklega verið gætt að því að mynda skjól á torginu og m.a. farið með líkan af hverfinu í vindgöng í þeim tilgangi að sjá hvað þyrfti að gera til að koma í veg fyrir að vindhviður kæmust inn á torgið“.

Þessi viðleitni virðist hafa klúðrazt lítillega. Að minnsta kosti geta vegfarendur sem tókust á loft og fuku fyrir hornið á skýjakljúfnum í Túnahverfinu síðastliðinn föstudag varla tekið undir að sérstaklega hafi verið girt fyrir vindhviður.

Magnús Jónsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, sagði í Fréttablaðinu á laugardag að bygging turnsins hefði alla tíð verið glapræði. „Þetta er gott dæmi um hvernig á ekki að standa að verki,“ sagði Magnús. „Háhýsi á þessum stað, svo stutt frá sjó, er veðurfræðilegt skaðræði. Það er eins og menn hafi ekkert hugsað um veður þegar ákveðið var að byggja þetta hús.“

Sú ágæta ábending hefur komið fram eftir að fjölmiðlar birtu myndir af fjúkandi vegfarendum við Höfðatorg að við búum á Íslandi og þar er oft hvasst. Sömuleiðis hefur verið bent á að til þess að brjóta vind í þéttbýli sé ráð að planta trjám og byggja fremur lágt, ekki mikið meira en sex hæðir.

Svona í ljósi þess að brezka sérfræðistofnunin með vindgöngin klikkaði svona herfilega á að meta Höfðatorgsturnana væri kannski ráð að skipulagsyfirvöld í Reykjavík endurmætu hvaða kröfur á að gera til háhýsa með tilliti til veðurfars, áður en verktakar fá nýtt mikilmennskubrjálæði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

KRAFTUR

**Opin samverustund Krafts - stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur:**

**Þriðjudaginn 6. nóvember klukkan 20:00** bjóðum við alla velkomna á opna samverustund Krafts að Skógarhlíð 8.
Opin samverustund er fyrir þá sem þarfnast stuðnings eða eru að styðja einhvern sem þau vilja koma með.
Formaður, starfsmaður og sálfræðingur Krafts verða á staðnum ásamt einstaklingum úr Stuðningsneti félagsins.
**Allir velkomnir á þennan óformlega hitting.**
Vonumst til að sjá ykkur.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Aftur sótt að ráðherra

Stuðningsmenn þingmanna VG í Reykjavík, þeirra Svandísar Svavarsdóttur, Árna Þórs Sigurðssonar og Álfheiðar Ingadóttur, eru margir hverjir súrir út í Björn Val Gíslason vegna framboðs hans í Reykjavík. Telja þeir með þessu vegið að sitjandi þingmönnum, ekki síst ráðherrunum tveimur; Svandísi og Katrínu Jakobsdóttur. Stuðningsmenn þeirrar síðastnefndu virðast hins vegar mun rórri yfir tíðindunum. Í þessu ljósi er þarft að rifja upp að sitjandi ráðherra og þingmaður, Kolbrún Halldórsdóttir, sóttist eftir stuðningi í fyrsta sæti árið 2009. Nýliðinn Svandís og þingmennirnir Árni Þór og Álfheiður ýttu henni hins vegar niður fyrir sig.



### Allt fyrir Bjarna!

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fór mikinn á þingi í gær, ekki í fyrsta skiptið. Bjarni Benediktsson spurði hann út í fríverslunarsamninga við Kína. Í svari ráðherra kom fram að Össuri er umhugað um álit Bjarna: „Ég hef gert mér far um að standa undir væntingum formanns Sjálfstæðisflokksins.“



### Össur einn má tala

Upp úr þessu spunnust umræður um orð Össurar varðandi samningsmarkmið Íslands í viðræðum við ESB. Össur sagði þau hin ágætustu, mjög skýr og hið besta plagg. Þingmenn utanríkismálanefndar gátu hins vegar ekki tekið undir það, en máttu þó ekki segja skoðun sína til fulls, þar sem þeir eru bundnir trúnaði. Trúnaði um málið geta formaður utanríkismálanefndar, Árni Þór Sigurðsson, og utanríkisráðherra, Össur sjálfur, aflétt. Nú er að sjá hve viljinn til lýðræðislegrar umræðu er ríkur hjá þeim.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Loftrýmisgæslan og samstaða

Norðurlandasamstarf



Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Við Íslendingar gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því hversu samstarf Norðurlandaríkjanna fimm á öllum sviðum er okkur dýrmætt. Það er helsta ástæðan fyrir því að Ísland, alveg eins og hin löndin fjögur, boxar alþjóðlega töluvert fyrir ofan sinn raunverulega þyngdarflokk. Ein af þeim lexíum sem ég hef dregið af ferli mínum sem utanríkisráðherra er að fátt er okkur mikilvægara en að efla og ýta undir þetta samstarf á öllum sviðum.

Þessi samstaða birtist okkur best á myrkustu dögunum eftir hrunið þegar himnarnir hrundu. Það komu erfiðir dagar og nætur þegar mörgum, þar á meðal mér, fannst við Íslendingar standa aleinir – og jafnvel þeir bregðast sem við töldum þó að við hefðum staðið í hvað dýpstu vináttusambandi við. Það var lexía. Þeir sem þá réttu út höndina okkur til hjálpar og reyndust okkur best voru þeir sem stóðu okkur langnæst – Norðurlandaríkin. Þau, ekki síst Noregur, veittu íslensku þjóðinni ekki aðeins móralskan styrk, heldur reiddu fram ásamt Pólverjum helminginn af þeim gjaldeyrislánum sem voru undirstaða efnahagsáætlunarinnar sem við gerðum í samvinnu við AGS. Það var ekki jafnsjálfsagt og mörgum Íslendingum þótti þegar heimspressan afgreiddi Ísland nánast sem hrunið ríki. En upp úr því fór Ísland að rísa úr ösku bankabálsins.

Vilji Svía og Finna til þátttöku í loftrýmisgæslu við Ísland – sem sums staðar er umdeild – er stórpólitísk ákvörðun því í henni felst enn eitt styrkleikatáknið um samstöðu Norðurlandaríkjanna í blíðu og stríðu. Hún hrindir í framkvæmd einni af tillögunum um aukið samstarf Norðurlandaríkjanna sem er að finna í hinni stórmerku skýrslu sem Thorvald Stoltenberg afhenti okkur norrænum utanríkisráðherrum í febrúar 2009. Það var fyrsti fundurinn sem ég sat í þeirra hópi. Áhugi frændþjóðanna tveggja kemur líka í kjölfar yfirlýsingar sem Norðurlandaríkin gerðu með sér árið 2011 um samstöðu til að mæta óförum, bæði náttúrulegum og af manna völdum, á sviði utanríkis- og öryggismála.

Ákvörðun Svía og Finna færir ekkert landanna þriggja nær eða fjær Atlantshafsbandalaginu. Hún er hins vegar sterk, táknræn yfirlýsing um að norræna stórfjölskyldan stendur saman og gætir hver annars eftir mætti, hvað sem á dynur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Framtíð heilbrigðisþjónustu á Íslandi

HEILSA



Teitur Guðmundsson
læknir

Íslenska heilbrigðiskerfið er í vanda statt og í mörg horn er að líta. Undanfarið hafa ítrekað birst fréttir af tækjabúnaði sem er úreltur og úr sér genginn, landflótti lækna og starfsánægja þeirra er einnig til umfjöllunar og áhyggjur af mönnun í framtíðinni bæði á sjúkrahúsum og í heilsugæslu hefur litað umræðuna. Mikið er fjallað um nýjan Landspítala og nauðsyn eða ónauðsyn hans og svona mætti lengi telja. Stéttarígur og hagsmunapot koma svo ofan á allt saman til að flækja þessa mynd enn frekar.

Niðurskurður og hagræðing af hálfu stjórnvalda gera svo þann sem er leikmaður eða notandi heilbrigðisþjónustunnar, en einnig heilbrigðisstarfsmenn, ringlaða vegna stöðugra breytinga, til dæmis í greiðsluþátttöku lyfja og sjúkrakostnaðar. Þá einnig vegna þess umhverfis sem heilbrigðisstarfsmenn starfa í og þess öryggisleysis sem tengist fjárlagafrumvarpi hvers árs, en það lítur dagsins ljós rétt fyrir árslok að jafnaði og leggur á herðar stjórnenda stofnana og fyrirtækja oftsinnis flókin úrlausnarefni.

Þeir sem starfa við rekstur vita að stöðugleiki er mikilvægur og einnig sá möguleiki að geta markað stefnu og framtíðarsýn sem hægt er að vinna markvisst að. Það er þó ekki einfalt þegar skórinn kreppir og peningarnir eru ekki til. Þegar horft er til baka virðist þó ekki skipta máli hvort það er góðæri eða hallæri, við virðumst ekki horfa nægilega langt og skýrt fram á við og má nefna tækjakaup á Landspítala sem er bara eitt af mörgum dæmum hér um. Við höfum haft fjóra ráðherra á fjórum árum sem stýra málaflokknum, fengið erlenda sérfræðinga hingað, sett á laggirnar nefndir, mótað stefnu og þannig mætti halda áfram, en hvar stöndum við nú tæpum fjórum árum eftir hrun og hvert erum við að fara? Hvert viljum við fara? Hver eru brýnustu vandamálin og hvernig leysum við þau?

Þetta eru auðvitað stórar spurningar og svörin ekki einföld. Ég ætla að leggja mig fram um að útlista nokkrar hugmyndir til framtíðar sem umræðugrundvöll í þessari stuttu grein en þetta er ekki tæmandi yfirlit yfir það sem þarf að skoða og líklega mjög viðkvæmt fyrir suma. En framtíðarskipan heilbrigðismála verður að snúast um þann sem notar þjónustuna ekki síður en þann sem hana veitir.

Það er ljóst að mönnun heilbrigðisþjónustunnar er stærsta einstaka vandamálið hérlendis og það sem við eigum að horfa til þegar við skipuleggjum heilbrigðiskerfi framtíðarinnar. Við þurfum að taka sársaukafullar ákvarðanir um það hvar verði veitt þjónusta læknis á landsbyggðinni og hvernig. Eigum við að innleiða aftur héraðsskyldu eða setja ábyrgð ákveðinna svæða í hendur stærri eininga sem geta sent mannskap í styttri tíma í senn? Við eigum að nýta okkur í því efni tækniþróunina og fjarskipti auk þess sem hjúkrunarfræðingar og bráðaliðar myndu sinna frum- og bráðaþjónustu á þeim stöðum með stuðningi læknis í gegnum fjarskiptatækni.

Ég sé fyrir mér miðlæga þjónustu lækna sem gæti sinnt miklu af því sem fram fer í dag á stofu í gegnum tölvu og myndsíma, en svipuð módel eru til að mynda þegar í notkun í Ástralíu, sem glímir við svipuð vandamál og við í formi fjarlægða og mönnunar. Þá einnig að tekið yrði upp eitt miðlægt vaktakerfi fyrir allt landið varðandi fyrirspurnir sjúklinga utan hefðbundins vinnutíma, bráðatilvik ættu áfram heima hjá 112 en almenn ráðgjöf lækna og hjúkrunarfræðinga kæmi í gegnum annað númer. Rafrænar tímabókanir á landsvísu og eftirlit með innköllunum auk gæðaeftirlits þjónustu gæti farið fram að vissu leyti á slíkan hátt. Þá þyrfti að vera öflug netgátt sem hefði svipaða virkni fyrir þá sem eru vel tölvufærir þar sem þeir gætu nálgast upplýsingar og átt samskipti.

Samtengd rafræn sjúkraskrá og lyfjagagnagrunnur er forsenda þessa og verður að vera algert forgangsatriði. Það eru reyndar blikur á lofti með það núna, en við höfum verið að ræða þetta undanfarinn áratug og það er einfaldlega til skammar fyrir þá sem stjórna heilbrigðiskerfinu hérlendis að ekki skuli vera búið að þessu fyrir löngu síðan. Ekki síst vegna þess að líklega meira en 90% allra þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu hérlendis nota sama tölvukerfið og mörg héruð hafa verið samtengd innbyrðis svo árum skiptir, samanber Austurland, Norðurland og Vesturland.

Það þarf að horfa til smæðar landsins og skilgreina og kostnaðargreina hvaða sérfræðilæknaþjónustu við veitum hér og hvað við eigum að sækja til útlanda. Þar koma til erfiðar ákvarðanir m.t.t. tækjakaupa og aðbúnaðar, en hann verður að vera fyrsta flokks fyrir þá sem munu starfa hér. Umfang þjónustunnar á Íslandi er líklega ekki nægjanlegt til að viðhalda sérþekkingu ýmissa sérgreina læknisfræðinnar og það þarf einfaldlega að ræða það opinskátt. Þá þarf að horfast í augu við það að læknar með ákveðna sérmenntun og þekkingu koma ekki til Íslands vegna aðbúnaðar, launa eða rannsóknartækifæra í dag, heldur fyrst og fremst af fjölskylduástæðum. Við höfum notið ómetanlega góðs af því Íslendingar en getum við gert ráð fyrir því áfram? Ég leyfi mér að efast um það. Þá er það augljóslega hamlandi að mínu viti að fyrir lækna er í raun bara einn atvinnuveitandi, sem er ríkið, en það þarf að skoða sérstaklega með tilliti til atvinnumöguleika þeirra hérlendis í framtíðinni. Mögulega liggja sóknarfæri í þessari stöðu en okkur hefur ekki enn tekist að fullvinna þau fram að þessu.

> Það er ljóst að mönnun heilbrigðisþjónustunnar er stærsta einstaka vandamálið hérlendis og það sem við eigum að horfa til þegar við skipuleggjum heilbrigðiskerfi framtíðarinnar.

Okkur sárvantar lækna með þjálfun í heimilislækningum og almennum lyflækningum, sem eiga að vera í framvarðarsveit heilbrigðiskerfisins. Við þurfum einnig að auka teymisvinnu við hjúkrunarfræðinga enn frekar en nú með því að nýta sérfræðiþekkingu þeirra, en í Bandaríkjunum hafa svokallaðar „Nurse Practitioners“ verið mikilvægur hlekkur í heilbrigðiskerfinu í mörg ár og slíkt fyrirkomulag mætti innleiða hér. Það er mikilvægt að tengja betur saman sjúkraþjálfun, endurhæfingu og læknisþjónustu á svipuðum nótum og gert hefur verið erlendis, þar sem fyrsti viðkomustaður vegna stoðkerfisvandamála er hjá sjúkraþjálfara en ekki lækni.

Af mörgu er að taka og augljóslega ekki hægt að tæpa á öllu í einni grein, sem gefur tilefni til framhaldsgreinar um þessi málefni.



# Opið bréf til fræðsluyfirvalda í Reykjavík

Menntamál

Ásta Kristrún Ólafsdóttir
kennari, sálfræðingur og foreldri barns með þroskahömlun

Þið hafið varist fimlega í baráttu ykkar við foreldra fatlaðra barna sem vilja jafnan rétt þroskahamlaðra barna til að ganga í sérskóla.

Viðbrögð ykkar hafa verið með þeim hætti að við sem höfum staðið í baráttunni höfum velt því fyrir okkur hvað ykkur gangi eiginlega til. Er ykkur alveg sama um líðan og hag fötluðu barnanna okkar? Ykkur hefur að minnsta kosti ekki orðið tíðrætt um þau. Um hvað snýst þetta í ykkar huga?

**1. Snýst þetta um peninga?**
Það er ódýrara að hafa þroskahamlað barn í almenna skólanum, svo framarlega sem foreldrar fara ekki að krefjast þjónustu alls kyns rándýrra sérfræðinga fyrir börn sín.

**2. Snýst þetta um hégóma og vafasaman metnað?**
Það er áreiðanlega voða gaman að geta sagt frá því á ráðstefnum erlendis að við Íslendingar séum duglegastir við að troða þroskahömluðum börnum í almennu skólana þar sem þau einangrast og eignast ekki vini.

**3. Snýst þetta um ótta og meðvirkni?**
Ef manni finnst sérskóli góður kostur gæti maður þurft að sitja undir því að vera talinn aðskilnaðarsinni og vondur við fatlaða.

**4. Snýst þetta kannski um fordóma?**
Samfélag þroskahamlaðra barna er ekki kúl. Það er eitthvað svo óþægilegt að sjá marga þroskahamlaða saman. Kannski er betra að láta þau hverfa í fjöldann úti um allan bæ.

**5. Snýst þetta um pólitíska stefnu?**
Stefnan um skóla án aðgreiningar virkar ekki almennilega og það er örugglega sérskólanum að kenna. Leggjum hann niður og þvingum öll börnin (nema sum) í almenna skólann, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Ef þið getið meinað börnum samfélag við jafningja í sérskóla með góðri samvisku hljótið þið að hafa fyrir því góð og gild rök. Ég hef ekki enn heyrt þau rök. Það sem ég hef heyrt er einungis blaður og froðusnakk um litríkt samfélag, skóla fjölbreytileikans og að við Íslendingar séum svo framarlega í þessum efnum. Ekkert um börnin!



# Tóku ekki rétt af neinum

**Fjármál**



**Pálmey Gísladóttir**
annar varaformanna Samstöðu, flokks lýðræðis og velferðar

„Tóku ekki rétt af nokkrum manni“ er yfirskrift fréttar um svar Árna Páls við nýföllnum dómi um gengislánin og segir jafnframt að þannig hafi fjármálastofnanir líka skilið dóm Hæstaréttar um ólögmæti gengislána. Með dómnum var staðfest í annað sinn á einu ári að óheimilt er að reikna vextina aftur í tímann. Ekki bara tóku Árna Pálslögin af okkur lántakendum lögvarinn rétt okkar heldur fetaði Seðlabankinn dyggilega á eftir og gaf frekari veiðileyfi á okkur lánagreiðendur. Enn eru lánveitendur okkar að hunsa dóm síðan í vetur. Enn eru þeir að brjóta á rétti okkar.

Í dag er svo komið að það virðast gilda önnur lög um fjármálafyrirtæki hvað varðar fullnustu dóma en okkur almenning. Ef ég eða þú fengjum á okkur dóm þýddi lítið að svara á þá leið að við ætluðum að bíða eftir fleiri samsvarandi dómum áður en við teldum okkur geta tekið mark á dómnum. En það furðulega gerðist í vetur. Fjármálafyrirtækin tilkynntu að þau ætluðu að taka sér frest til að skoða málin og það þyrfti fleiri mál áður en ákvörðun yrði tekin. Ekki nóg með það, það þurfti að fara í prófmál. Þrettán mál voru valin og til að bíta höfuðið af skömminni fengu þessar stofnanir að handvelja sjálfar hvaða mál væru tekin fyrir.

Í mínum huga var og er brotið gróflega á okkur. Allt í einu giltu engar greiðslukvittanir lengur. Lán voru tekin og endurreiknuð aftur í tímann til 2005 og þrátt fyrir að við værum búin að borga skilvíslega hvern einasta gjalddaga fengum við bakreikning. Ekki tekinn af okkur neinn réttur… Gott fyrir fólk sem annars hefði þurft að bíða eftir leiðréttingu. Sér er nú hver leiðréttingin.

Ef það hefði verið staðið almennilega að þessu í upphafi værum við ekki enn að bíða eftir geðþóttaákvörðunum fjármálastofnana. Ég ætti kannski bílinn minn. Þú ættir kannski þinn bíl – þitt hús – þitt fyrirtæki. Við erum enn að bíða. Fólk er enn að missa eignir sínar. Fólk situr enn í yfirveðsettum eignum og það sem verra er: fólk er búið að missa vonina. Fjölskyldur hafa sundrast. Það er viðvarandi fólksflótti úr landi. Skaðinn sem allt þetta hefur valdið verður aldrei metinn til fjár. Hvernig á að endurreikna allan þennan skaða? Verður hann reiknaður aftur í tímann?

Það er ótrúlegt að lesa þessa staðhæfingu: „Tóku ekki rétt af neinum.“ Ég hefði skilið hana ef hún hefði hljóðað eitthvað á þessa leið: Tók ekki rétt af neinni fjármálastofnun. Við þurfum og eigum rétt á svörum strax. Við höfum aldrei fengið eða getað tekið okkur túlkunarrétt á hvort við stöndum við gerða samninga. Við eigum öll að standa jöfn fyrir lögum.







# Opið bréf til þingmanna

Ferðaþjónusta



Dag Andre Johansen
framkvæmdastjóri
RAC Skandinavia Avis Budget Scandinavia

Ágæti þingmaður.

Mig langar að deila með þér einkennilegri reynslu minni af því að vera erlendur fjárfestir á Íslandi.

Nú í sumar höfum við viðskipti á Íslandi þegar RAC Scandinavia gekk frá kaupum á bílaleigunum Avis og Budget á Íslandi (Alp hf.). Vegna hins óvenjulega ástands í efnahagsmálum á Íslandi, sérstaklega vegna gjaldeyrishafta krónunnar, voru efasemdaraddir um að íslensk fyrirtæki væru góður fjárfestingarkostur. En þar sem atvinnustefna stjórnvalda var að leggja mikla áherslu á ferðaþjónustuna þóttu forsendur hagstæðar. Verkefni stjórnvalda eins og Inspired by Iceland gaf tilefni til að trúa því að mikil alvara væri á bak við stefnuna. Því var ákveðið að tryggja 45% hlut í næststærsta bílaleigufyrirtæki Íslands og var fjárfestingin bundin til 5 ára skv. lögum um gjaldeyrisútboð.

Félagið sem ég hef unnið hjá frá því ég var tvítugur, RAC Holding, á og rekur bílaleigurnar Avis og Budget í Noregi, Svíþjóð og í Danmörku. Það er því ekki síst vegna reynslu minnar í Skandinavíu sem ég varð undrandi á þeim fyrirvaralausu breytingum sem stjórnvöld boða nú fyrir rekstrarumhverfið sem fyrirtækið mitt á Íslandi starfar í.

Hér er ég að vísa í hækkun á vörugjöldum á bílaleigur sem ný fjárlög gera ráð fyrir, sem eykur álögur gríðarlega á bílaleigugreinina. Ekki síst kom þetta mér á óvart þar sem í gildi er ferðamálaáætlun stjórnvalda til ársins 2015 þar sem meginmarkmið eru að:

a) tryggja samkeppnishæfni greinarinnar.
b) að rekstrarskilyrði hennar geti orðið með sambærilegum hætti og í samkeppnislöndum.

> Ég get fullvissað ykkur um að í samkeppnislöndum Íslands, í Skandinavíu, tíðkast ekki að stjórnvöld reki slíkan fleyg í eina atvinnugrein með svo dramatískum hætti...

Ég get fullvissað ykkur um að í samkeppnislöndum Íslands, í Skandinavíu, tíðkast ekki að stjórnvöld reki slíkan fleyg í eina atvinnugrein með svo dramatískum hætti og með jafn skömmum fyrirvara og boðað er. Þar styðja stjórnvöld sérstaklega við ferðaþjónustu vegna þess að litið er á hana sem útflutningsgrein sem aflar tekna fyrir samfélagið.

Á bílaleigumarkaði ríkir mjög virk samkeppni og því munu viðbrögð greinarinnar óhjákvæmilega valda því að tekjur vegna vörugjalda verða lægri en fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Afleiðing hærri vörugjalda verður einfaldlega sú að bílaleigur munu geta keypt færri bíla. Dýrari fjárfestingar munu líka kalla á verðhækkanir, sem geta dregið úr eftirspurn og geta haft áhrif á straum ferðamanna til Íslands. Þá neyðast bílaleigurnar til að skoða að taka upp kílómetragjald, sem mun takmarka akstur til að lengja líftíma bílanna. Það mun aftur á móti valda því að dreifing ferðamanna um Ísland minnkar og einskorða þá enn frekar við höfuðborgarsvæðið.

Það er því ekki að ástæðulausu sem ég óska þess að þú sem þingmaður á Íslandi hugleiðir þessar staðreyndir áður en kosið er um ný fjárlög og í raun, nýja stefnu landsins í garð erlendra fjárfesta.

# Samstaða um að rjúfa vítahring

Atvinnumál



Arnar Guðmundsson
verkefnastjóri og fyrrverandi formaður auðlindastefnunefndar

Ný skýrsla McKinsey um leið Íslands til hagsældar er mikilvæg af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi afhjúpar hún innbyggða veikleika í íslensku atvinnulífi og þann vítahring sem þeir mynda. Í öðru lagi leggur hún grunn að víðtækri samstöðu um vaxtarleið í atvinnumálum. Sú vaxtarleið gengur út á að brjóta upp fákeppni og auka framleiðni með því að opna landið fyrir samkeppni og fjárfestingum, og horfa til atvinnulífs framtíðarinnar með menntun og virkjun nýsköpunar og hugvits.

Þegar litið er til síðustu áratuga hefur arður í atvinnulífi ekki síst myndast í skjóli aðstöðu og með krónuna sem viðskipta- og samkeppnishindrun. Við höfum horft upp á fákeppni í lykilþjónustu á borð við fjármálastarfsemi, flutninga og jafnvel smásölumarkað. Úthlutað var aðstöðu til að innheimta auðlindarentu, þ.e. umframarðinn sem sérleyfi til nýtingar sameiginlegra auðlinda skapa. Þessi staða breiðir ekki aðeins yfir litla framleiðni, felur sóun og viðheldur þeim vítahring sem McKinsey-skýrslan lýsir, heldur býður hagnaðarsókn í skjóli aðstöðu heim afar óheilbrigðum tengslum viðskiptalífs, stjórnmála og stjórnsýslu – eins og lesa má um í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um hrun fjármálakerfisins.

> Við höfum öll tækifæri til að vinna af skynsemi og yfirvegun að því að rjúfa áratugagamlan vítahring…

Almannahagsmuni tryggjum við aðeins með almennum og gagnsæjum leikreglum sem gilda um alla, í raunverulegri og heilbrigðri samkeppni á markaði. Í aðstöðusóknarsamfélaginu verður áherslan hins vegar á það að þeir sem ráða fjármagni, fyrirtækjum og gegna lykilstöðum tilheyri „réttum“ hópi. Svo vitnað sé til virks þátttakanda í þessu valdatafli gamla Íslands er þetta hið „ógeðslega samfélag“ sem hrundi vegna innri veikleika haustið 2008.

Verkefnið sem McKinsey-skýrslan birtir svo skýrt er að endurbyggja atvinnulíf framtíðar á öðrum og sterkari grunni en þeim sem brást svo illilega. Skýrslan dregur líka fram það ábyrgðarleysi sem í því fælist að loka nú þegar annarri af þeim tveimur leiðum sem taldar eru færar í ítarlegri skýrslu Seðlabankans um framtíðarlausn í gjaldmiðilsmálum þjóðarinnar. Rétt er að láta af slíkum átökum og taka alvarlega meginábendinguna um nauðsyn þess að opna fyrir samkeppni og fjárfestingu. Við þurfum líka að ljúka við að skapa sanngjarnar leikreglur um úthlutun sérleyfa til nýtingar sameiginlegra auðlinda og gæða, og um skilaleiðir auðlindarentunnar til almennings. Að því frágengnu þurfa auðlindagreinarnar að búa við almenn og samkeppnishæf starfsskilyrði til að skila myndarlegum arði af því fjármagni sem þar er bundið.

Við höfum öll tækifæri til að vinna af skynsemi og yfirvegun að því að rjúfa áratugagamlan vítahring og auka hagsæld á Íslandi. Um það á að geta myndast góð samstaða.

Gætum þess að láta ekki vörn fyrir umframarð í skjóli aðstöðu og fákeppni trufla þá vinnu.




# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## BÖRN OG MATARVENJUR

**Börn eru áhrifagjörn og matarvenjur foreldranna hafa mikið að segja um hvað þau borða. Þess vegna er mikilvægt að hafa alltaf grænmeti og ávexti á borðum svo þau fái flest næringarefni. Best er að skera ávextina niður í skál og hafa á borðum.**


NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233




# AÐGENGILEGRI UPPLÝSINGAR

**NÝ SÍÐA UM BRJÓSTAKRABBAMEIN** *Nýr upplýsingavefur um brjóstakrabbamein var opnaður nýverið. Jarþrúður Jónsdóttir segir að síðan sé viðbót við þær upplýsingar sem veittar eru í viðtölum við lækna og hjúkrunarfræðinga.*

Hér á landi greinist ein af hverjum níu konum með brjóstakrabbamein einhvern tímann á lífsleiðinni. 80 prósent þeirra læknast og er skurðaðgerð yfirleitt fyrsta meðferð þar sem konur geta þurft að velja milli mismunandi aðgerða. „Þegar kona greinist með brjóstakrabbamein fær hún upplýsingar hjá lækni um mismunandi aðgerðir og meðferðarúrræði. Það getur verið erfitt að muna allar þær upplýsingar og því nauðsynlegt að styðja við þær í framhaldinu. Þar kemur ný upplýsingasíða sterk inn. Þegar heim er komið getur konan skoðað síðuna í ró og næði. Þar er að finna ýtarlegar upplýsingar um aðgerðir og meðferðina. Síðan er líka kjörin fyrir aðstandendur til að átta sig betur á stöðu mála. Það mætti segja að þetta komi að stórum hluta í stað bæklinga og því viss nútímavæðing á upplýsingagjöf," segir Jarþrúður Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur á brjóstamóttöku skurðdeilda Landspítalans.

Mikil vinna var lögð í síðuna, sem sést vel á umfangi efnisins sem á henni er. Starfsfólk brjóstamóttökunnar sá um að semja allt efni hennar.

„Við unnum þetta allt í sjálfboðavinnu svo þetta tók smá tíma, en það var mikið í þetta lagt og vandað til verka. Á síðunni er að finna upplýsingar um ferlið frá því að kona greinist með krabbamein í brjósti þar til aðgerð lokinni. Einnig eru þar skýringarmyndbönd með upplýsingum um aðgerðirnar og tenglar á aðrar síður ásamt fleiru."

Gerð síðunnar var styrkt dyggilega af listakonunni Gíslínu Dögg Bjarkardóttur sem hélt kjólauppboð á 365 kjólum og rann allur ágóði til uppsetningar síðunnar. „Auk þess er hún styrkt af Minningarsjóði Margrétar Oddsdóttur. Það er ótrúlegt hvað velvilji fólks getur gert mikið og margir af okkar skjólstæðingum hafa lagt okkur lið í gegnum tíðina. Án þeirra værum við sennilega ekki að setja upp þessa síðu."

■ vidir@365.is

**NÚTÍMA BÆKLINGUR** Á síðunni er að finna upplýsingar um ferlið frá því að kona greinist með krabbamein í brjósti þar til aðgerð er lokið. MYND/STEFÁN

**FLOTT FRAMTAK**
***Efnið á heimasíðunni er unnið af starfsfólki brjóstamóttöku skurðlækninga á Landspítalanum. Á síðunni kemur fram að lögð sé áhersla á fræðslu um sjúkdóminn fyrir sjúklinga og fjölskyldur þeirra.***

**VEFSLÓÐ:** *www.skurdlaekningarbrjostakrabbameina.is*



Eirberg
Stuðningssúla
– öryggi á heimilinu
Læsing á 45° millibili
Spennist frá gólfi upp í loft
Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is


Frábært úrval af aðhaldsundirfatnaði
Selena
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is


soo.dk
soo young soo cool
20-40% afsláttur af nýju vörunum
40-70% afsláttur af eldri vörum
Frábær tilboð á friendtex útsöluvörum
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2878 • opið mán.-fös. kl. 11:00-18:00, lau. 11:00-15:00
friendtex.is • praxis.is • soo.dk



Gjöf handa þér og þínum
Tékk Kristall
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955


# GÓMSÆT, GRENNANDI HEILSUBÓT

**CULIACAN KYNNIR** *Hver vill ekki ljúffengan sælkeramat sem er útilokað að fitna af? Nú má njóta Léttra rétta á Culiacan með góðri samvisku. Réttirnir eru guðdómlegir, innihalda innan við 400 hitaeiningar og skilja munn og maga eftir í dásamlegri sátt.*

Mexíkóskur matur er einstaklega góður kostur þegar taka á til í mataræðinu, létta sig og aðhyllast betri lífsstíl,“ segir Sólveig Guðmundsdóttir veitingamaður í mexíkóska heilsueldhúsinu á veitingastaðnum Culiacan.

Þar á bæ bjóðast nú þrír nýir og gómsætir heilsuréttir sem allir eru undir 400 hitaeiningum og hafa fengið nafngiftina Léttir réttir.

„Létta rétti matreiðum við í samvinnu við heilsugúrúinn og líkamsræktarþjálfarann Telmu Matthíasdóttur. Telma hefur hjálpað hundruðum Íslendinga í baráttunni við vigtina og við að ná árangri í ræktinni. Hún heldur úti heilsusíðunni Fitubrennsla.is, sem er ein sú allra vinsælasta á landsvísu,“ útskýrir Sólveig.

Í sumar átti Culiacan í góðu samstarfi við næringarfræðingana Fríðu Rún Þórðardóttur og Steinar B. Aðalbjörnsson. Úr varð Réttur hlauparans, sem strax fékk fádæma góðar viðtökur.

„Það er gaman að fá hollráð og visku sérfræðinga úr heilsugeiranum þegar kemur að matseld heilsurétta. Því ákvað ég að halda áfram á sömu braut og fá Telmu til liðs við okkur. Telma er sælkerakokkur af Guðs náð, veit af eigin raun að enginn hefur úthald í bragðvont heilsufæði til lengdar og er dugleg að pósta girnilegum heilsuuppskriftum á heimasíðu sína. Hún er snillingur í að gæla við bragðlaukana og ráðagóð með alls kyns brögð og brellur þegar kemur að hollri og fitulítilli matseld.“

Að sögn Sólveigar eru Léttir réttir Culiacan sniðnir að þörfum þeirra sem vilja léttast og passa línurnar.

„Hitaeiningafjöldi er lykilatriði þegar maður ætlar sér að léttast. Því er ekki nóg að borða hollt og ferskt því hitaeiningar leynast líka í heilsufæði. Því er kærkomið að geta gengið að bragðgóðum mat með útreiknuðum hitaeiningafjölda vísum og vita fyrir víst hversu margar hitaeiningar eru innbyrtar.“



HOLLT, LÉTT OG ALVEG EINSTAKLEGA GOTT
Sólveig með uppáhaldsréttinn sinn á Culiacan þessa dagana: gómsætt og hitaeiningasnautt Létt enchilada.

### MATURINN STÚTFULLUR AF VÍTAMÍNUM

Sólveig féll fyrir töfrum mexíkóskrar matargerðarlistar þegar hún lærði iðnhönnun í Bandaríkjunum.

„Í Bandaríkjunum varð til vestræn útfærsla á mexíkóskum mat sem er mun heilnæmari en gerist og gengur í Mexíkó. Sú matreiðsluaðferð kallast Fresh Mex og samanstendur af fersku, óunnu hráefni og fituryru fæði. Því geta aðdáendur mexíkósks matar gengið að því sem gefnu að maturinn sé heiðarlegur, „hreinn“ og heilsusamlegur,“ útskýrir Sólveig sem leggur áherslu á góðan, ferskan og hollan mat á Culiacan.

„Í kjötmeti notum við eingöngu kjúklingabringur sem við grillum án olíu og hreinan nautavöðva sem við kryddum, sjóðum og rífum niður í rétti okkar. Allar sósur eru fitulausar og unnar frá grunni og í stað malaðra krydda notum við ferskar kryddjurtir, rauðan pipar, límónu og fleira sem kemur ferskt og ómeðhöndlað úr náttúrunni. Maturinn er því stútfullur af vítamínum og sannkölluð heilsubót,“ segir Sólveig um matreiðsluna á Culiacan, sem er einstök vin í íslenskri veitingastaðaflóru.

### ELSKAR MEXÍKÓSKAN MAT

Næsta vor verða liðin tíu ár síðan Sólveig opnaði Culiacan.

„Ég hef alltaf ástundað holla lífshætti og fannst vanta stað eins og Culiacan. Eftir áratug hef ég ekki enn fengið leið á mexíkóska matnum og vel mér rétt af matseðli Culiacan á nær hverjum degi,“ segir Sólveig og hlær.

„Í dálæti nú er Létt enchilada. Ég hef verið að létta mig eftir barnsburð fyrir rúmu ári og finnst geggjað að geta fengið mér svo seðjandi, hollan og bragðgóðan mat með góðri samvisku. Að mínu mati er ekki hægt að fá leiða á Fresh Mex-mat því hann er svo fjölbreyttur, ljúffengur og ferskur.“

Sólveig hefur nú sett inn uppskriftir á heimasíðu Culiacan og er hvergi hætt.

„Mexíkóskan mat er gaman að laga heima og til að byrja með geta áhugasamir dundað sér við að baka heilnæmar heilhveiti-tortillur og unaðslega Mexíkósúpu í svartasta skammdeginu.“

Culiacan er á Suðurlandsbraut 4a. Opið er alla daga frá klukkan 11.30 til 22. Sjá matseðil, uppskriftir og fleira á www.culiacan.is.

## LÉTTIR RÉTTIR TELMU OG CULIACAN

**TELMA Matthíasdóttir hjá heilsuvefnum www.fitubrennsla.is er landsmönnum fyrir að hafa hjálpað fjölda fólks að ná árangri í baráttu við vigtina með réttu mataræði. Nú hefur Telma, í samvinnu við Culiacan, þróað heilsulínuna Létta rétti fyrir þá sem vilja grennast með bragðgóðum og hollum mat.**

### Létt burrito

Heilhveiti-tortilla, baunir, kjúklingur, sterk/mild sósa, ferskt salsa (tómatar), fajitas, kál og sýrður rjómi.

**Samtals:** 395 hitaeiningar.



### Létt enchilada

6 tommu tortilla, baunir, nautakjöt, Barbeque-sósa, kornsalsa, fajitas, sterk/mild sósa, smá nachos og ostur, iceberg, ferskt salsa (tómatar) og 1/2 guacamole.

**Samtals:** 397 hitaeiningar.



### Létt Santa Fe-salat

Iceberg, dressing, ferskt salsa (tómatar), kjúklingur, sýrður rjómi, smá nachos og 1/2 guacamole.

**Samtals:** 385 hitaeiningar.



## HVER ER TELMA?

- Telma er viskubrunnur heilsu og hollra lífshátta.
- Telma er ekki ein þeirra sem alltaf hafa verið í góðu formi.
- Telma er ein af þeim sem finnst gott að borða góðan mat.
- Telma fæddist á Ólafsfirði 1976.
- Telma stundaði knattspyrnu, tennis, golf og skíði á yngri árum.
- Telma þyngdist um 30 kíló á tveimur árum í framhaldsskóla.
- Telma náði af sér aukakílóunum á innan við ári með ástundun heilbrigðari lífshátta.
- Telma heldur úti einni af vinsælustu heilsusíðum landsins.
- Telma er þekkt sem einn besti þjálfari landsins og hefur aðstoðað hundruð Íslendinga við að komast í form.
- Telma kýs að lifa lífinu í heilbrigðum líkama og full af orku í andlegu jafnvægi.
- Telma telur alla verðskulda gott líkamsform og að enginn eigi að fara á mis við kosti þess að búa í hraustum líkama.
- Telma lofar að með hollri næringu og nægri hreyfingu verði uppskeran vellíðan, gott form og góð heilsa.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427

ÞRIÐJUDAGUR 6. NÓVEMBER 2012

# INNRÉTTINGAR
## &GÓLFEFNI

**Kynningarblað** Skrifstofuhúsgögn, eldhúsinnréttingar, skipulag og góð ráð við vinnuna.



# Unnið heima við

Fleiri og fleiri kjósa að vinna heima hjá sér. Gott er að innrétta ákveðið herbergi eða rými sem skrifstofu svo hægt sé að „fara“ í vinnuna.

Það hefur færst í vöxt undanfarin ár að fólk vinni heima hjá sér, hvort sem það er hluti vinnunnar sem unninn er utan vinnustaðarins eða alfarið unnið heima við. Þá er mikilvægt að skapa sér rými þar sem hægt er að einbeita sér að vinnunni.

Það skiptir mestu máli að fólki líði vel við vinnu heima hjá sér. Huga þarf að bæði líkamlegri og andlegri heilsu. Það er þó óþarfi að ætla sér að innrétta heimaskrifstofu einn, tveir og þrír. Eftir smá tíma er auðveldara að sjá hvað er mikilvægt að hafa og hvað ekki.

Það skiptir miklu máli að velja borð í réttri hæð og góðan skrifborðsstól með mjúkri sessu og baki svo að álagið á líkamann sé sem réttast. Ef plássið er nægt hentar L-laga eða U-laga borð best á skrifstofur. Ef vinnan felur í sér mikil skrif eða teikningar er gott að geta hallað borðinu til að minnka álag á háls og bak. Gott er að hafa þægilegan hægindastól í rýminu til að geta skipt um stellingu og umhverfi til dæmis á meðan lesið er.

Vel þarf að huga að birtunni. Það er ekki nóg að vera með loftljós heldur þarf líka að hafa borðlampa og lesljós. Mikilvægt er að hafa höfuðtól á símanum ef þörf er á að nota símann mikið. Það er ekki gott að klemma símtólið á milli höfuðs og axlar, það er ávísun á vöðvabólgur og vesen.

Þá er mikilvægt að hafa nægt geymslurými fyrir blöð og bækur og annað tilfallandi. Passið þó að safna ekki óþarfa pappírum og dóti, flestar upplýsingar má nálgast í tölvunni. Raðið húsgögnum og hirslum þannig að auðvelt sé að nálgast það sem mest er notað. Eyðið ekki plássi í tæki eða tól sem lítið eru notuð. Geymið þau annars staðar í íbúðinni.

Vinnurýmið þarf ekki að vera kuldalegt eða tómlegt, því margt er hægt að gera skemmtilegt til að lífga upp á það. Hafið myndir af fjölskyldumeðlimum á veggjum, blóm í potti á skrifborðinu eða eitthvað annað sem gleður augað og veitir vellíðan.



Mikilvægt er að ganga frá öllu á skrifstofunni þannig að ekkert fari í taugarnar á þeim sem notar hana. Lausar rafmagnssnúrur sem sífellt er verið að rekast í angra flesta.



Ef allt er í röð og reglu næst betri einbeiting og afköst verða meiri. NORDIC PHOTO/GETTY



Ef ætlunin er að vinna heima við er nauðsynlegt að útbúa sérstaka vinnuaðstöðu.



Kyrrsetuvinna er líkamlega óholl. Notaðu lausa stund til að rækta líkamann. NODRIC PHOTOS/GETTY

# Heilsan við vinnuna

Langar setur við skrifborð gera engum gott líkamlega. Með smá útsjónarsemi má nýta tímann við skrifborðið til að sinna heilsunni, jafnvel án þess að vekja óþarfa athygli.

**Æfingar sem hægt er að gera svo lítið beri á.**

■ Spenntu rasskinnarnar meðan þú situr í stólnum við tölvuna og haltu spennunni í 10 til 15 sekúndur. Endurtaktu aftur og aftur.

■ Réttu úr fótunum, öðrum eða báðum í einu, undir borðinu og haltu spennunni í nokkrar sekúndur. Endurtaktu aftur og aftur.

■ Dragðu inn magann og haltu spennunni í nokkrar sekúndur. Endurtaktu margoft.

■ Leggðu penna milli herðablaðanna og haltu honum þar.

■ Lyftu báðum öxlum upp að eyrum og haltu spennunni í nokkrar sekúndur. Slakaðu á og endurtaktu nokkrum sinnum.

■ Stólasveifla: Sittu í stólnum, lyftu fótunum frá gólfi og haltu í skrifborðsbrúnina. Snúðu þér svo til hliðanna nokkrum sinnum.

**Æfingar sem gætu vakið athygli samstarfsfólks en gera þér gott.**

■ Stökktu upp frá tölvunni og skokkaðu á staðnum. Lyftu hnjánum vel upp og hamastu í um það bil 1 mínútu.

■ Hættu að senda vinnufélögum tölvupóst og gerðu þér frekar ferð til þeirra með erindið.

■ Tröppugangur: Forðastu lyftuna í lengstu lög og notaðu stigann í hvert sinn sem þú átt erindi milli hæða. Stikaðu upp fleiri en eina tröppu í einu.

■ Dansaðu í stólnum. Smelltu hressandi lagi í eyrun og hreyfðu þig í takt við tónlistina í sætinu.

■ Stattu upp og snúðu baki í skrifborðið. Leggðu hendurnar á borðröndina og láttu þig síga niður í sitjandi stöðu. Endurtaktu oft. Snúðu þér að borðinu og gerðu nokkrar armbeygjur á borðbrúninni.

■ Ef þú þarft að bíða eftir ljósritunarvélinni geturðu notað tímann í hnébeygjur upp við vegg. Hafðu bakið þétt upp við vegginn og láttu rassinn síga niður í sitjandi stöðu. Haltu spennunni í um það bil mínútu og endurtaktu þar til röðin kemur að þér að ljósrita.

■ Fagnaðarlæti: Notaðu hvert tækifæri til að „fagna“ með góðu froskahoppi. Til dæmis því þegar tekst að losa stífluna í prentaranum, eða því að komið sé að hádegishléi, eða því að það sé kominn föstudagur. Hafðu mjaðmabreidd milli fóta, beygðu hnén og stökktu hátt upp nokkrum sinnum.

Sjá: www.greatist.com




BRÚNÁS innréttingar

**Sama verð um allt land**

Brúnás–innréttingar eru íslensk hönnun og íslensk framleiðsla, framleiddar af trésmíðaverkstæði Miðás hf. á Egilsstöðum. Þær eru hannaðar af Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur og Oddgeiri Þórðarsyni innanhússhönnuðum sem reka saman Go Form design studio í Reykjavík.

Í sýningarsal og verslun Brúnás-innréttinga, Ármúla 17a í Reykjavík, býðst viðskiptavinum fagleg þjónusta og ráðgjöf innanhússhönnuða við val á Brúnás–innréttingum. Sýningarsalur er svo einnig á Egilsstöðum að Miðási 9, í sömu byggingu og framleiðslan fer fram í. Þar er einnig að finna aðalskrifstofu fyrirtækisins.

Miðás 9, 700 Egilsstaðir, sími: 470 1600, fax: 471 1074
Ármúli 17a, 108 Reykjavík, sími: 588 9933, fax: 588 9940


## DÚKAR OG STEINTEPPI Á SKRIFSTOFUNA



**Það mæðir** yfirleitt mikið á skrifstofugólfum og þarf að hafa allt önnur viðmið við val á gólfefni þar en heimavið. Það þarf að gera ráð fyrir umgangi fólks á hælum og útiskóm sem og þungum borðum og skrifstofustólum sem verið er að færa til og frá.

Vínyl- eða línóleumdúkar eru afar hentugur kostur á hverskyns skrifstofugólf. Þeir eru gríðarlega slitsterkir og gott að nota á svæði sem mæðir mikið á. Þeir fást í alls kyns litaafbrigðum og má sníða til að vild. Þá er hægt að strjúka óhreinindi burt með auðveldum hætti. Það er engin tilviljun að dúkar eru oftar en ekki valdir sem gólfefni á heilu skólana, sjúkrahúsin og leikskólana.

Steinteppi verða sömuleiðis oft fyrir valinu en þau eru afar slitsterk og hafa fallegt yfirbragð. Þau eru algeng á forstofur, verslunarrými, fundarsali, stiga, sameignir og hverskyns skrifstofur. Þau fást í mismunandi lit og grófleika en helsti ókosturinn er sá að þau eiga það til að spæna upp skósóla, auk þess sem þau geta verið kuldaleg og safnað óhreinindum. Það er þó auðveldara að þrífa þau en margur heldur. Ryksugan nær megninu upp og svo er bara að strjúka yfir með rakri gólftusku.

Sé um minni skrifstofu að ræða og mikil áhersla lögð á hlýlegt útlit og andrúmsloft er hægt að velja slitsterkt parket en þá þarf yfirleitt að gera ráð fyrir einhverju viðhaldi.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, 512-5411 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.


BORÐ
LEGGJANDI
GÆÐI
KÄHRS PARKET ER FYRSTA
VAL FAGMANNSINS
Kährs®
QUALITY IN WOOD SINCE 1857
30 ára ábyrgð
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík
Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Heimsklassahönnun á viðráðanlegu verði

Nýlega flutti **InnX** í nýtt og rúmgott húsnæði við Fossháls 1 í Reykjavík. Verslunin leggur áherslu á sölu innréttinga, húsgagna og skrifstofuhúsgagna sem einkennast af fallegri hönnun úr vönduðum efnum.

InnX innréttingar er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki á innréttinga- , húsgagna- og skrifstofuhúsgagnamarkaði. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að bjóða viðskiptavinum hágæðavörur á hagstæðu verði og framúrskarandi þjónustu. Nýlega flutti verslunin í nýtt húsnæði við Fosshála 1, sem er mun hentugra og skemmtilegra en fyrra húsnæði, að sögn Atla Ragnars Ólafssonar, sölustjóra hjá InnX. „Hér er hátt til lofts og vítt til veggja og það fer vel um viðskiptavini okkar. Við bjóðum upp á sama góða vöruúrvalið og áður og heimsklassahönnun á viðráðanlegu verði.“ InnX byggir á þremur grunndeildum. Innréttingadeild selur innréttingar í eldhús og baðherbergi, fataskápa og fleira. Skrifstofuhúsgagnadeildin selur vandaðar vörur frá ýmsum gæðaframleiðendum og húsgagnadeildin einblínir á sölu húsgagna frá danska fyrirtækinu BoConcept.



BoConcept á sér yfir 60 ára langa sögu í húsgagnahönnun. MYND/VALLI

## Dönsk hágæðavara

„BoConcept á sér yfir 60 ára langa sögu í húsgagnahönnun og er útbreiddasti smásöluaðilinn í Danmörku á húsgögnum og hönnunarvörum. Það býður upp á gríðarlega mikið úrval af húsgögnum en um leið mikla valmöguleika. Viðskiptavinurinn getur þannig sjálfur tekið þátt í hönnuninni, til dæmis með því að púsla saman ólíkum einingum þegar kemur að vali á sófum. Auk þess getur hann valið allt að 80 mismunandi áklæði úr taui og leðri. BoConcept leggur mikla áherslu á valmöguleika viðskiptavina enda sækja þeir ár eftir ár í þetta gæðamerki.“

Auk hefðbundinna húsgagna er boðið upp á mikið úrval af smávöru til að krydda tilveruna og til að fegra heimilið. „Við bjóðum til dæmis upp á gott úrval af litríkum púðum, veggklukkur og alls kyns skrautmuni. Auk þess bjóðum við upp á fallegar handofnar indverskar gólfmottur sem vakið hafa mikla athygli.“ BoConcept á 60 ára afmæli í ár og af því tilefni verður til sölu í vetur sérstakt áklæði sem einn frægasti textílhönnuður Danmerkur hefur hannað.





„BoConcept leggur mikla áherslu á valmöguleika viðskiptavina," segir Atli Ragnar Ólafsson, sölustjóri hjá InnX. MYND/VALLI

## Vandaðar innréttingar

Innréttingarnar frá InnX koma frá virtum ítölskum framleiðanda sem heitir Aran. Hann er að sögn Atla stærsti útflytjandi á innréttingum á Ítalíu og nýtur mikillar virðingar á heimsvísu. „Aran er framarlega í hönnun og er í miklu samstarfi við egypska innanhúshönnuðinn Karim Rashid. Við bjóðum upp á mikið úrval innréttinga frá þeim þar sem saman fer frambærileg hönnun og að sjálfsögðu toppgæði.“

Fyrir utan að selja gæðavörur leggur InnX mikla áherslu á vandaða og trausta þjónustu. „Það getur verið langt og flókið ferli að innrétta hús eða skipta út innréttingum. Við teiknum og hönnum endurgjaldslaust fyrir viðskiptavini okkar og aðstoðum við ferlið frá upphafi til enda. Einnig bjóðum við upp á uppsetningar- og hönnunarráðgjöf í innréttingum og húsgögnum.“



## LEIÐINLEGUR DAGUR Á SKRIFSTOFUNNI?

**Það getur** tekið á að vera í vinnunni átta klukkutíma á dag. Þá er gott að vita að til eru ýmsar leiðir fyrir þá sem eru fastir í leiðinlegu starfi og þurfa að stytta sér stundir yfir daginn. Hægt er að eyða mörgum klukkutímum á dag í einfalda tölvuleiki og spil á netinu, til dæmis Sudoku og Angry Birds. Margar skemmtilegar og ókeypis leikjasíður eru auk þess á vefnum. Þá er einnig tilvalið að hressa upp á tungumálakunnáttuna með því að ráða krossgátur á erlendum tungumálum, en ótal vefir eru til sem innihalda ókeypis krossgátur, til dæmis á dönsku, þýsku og frönsku. Síðan er gaman að spjalla við vini og kunningja gegnum ýmis spjallforrit og hægt er að uppfæra stöðuna á Facebook og Twitter á 10-20 mínútna fresti. Margir eru með netið í símanum og þá lítur út fyrir að verið sé að svara mikilvægum tölvupósti. Áttu erfitt með að finna tíma til að lesa? Nú er hægt að velja úr miklu úrvali innlendra og erlendra hljóðbóka sem tilvalið er að hlusta á í vinnunni. Talandi um bækur, hvers vegna ekki að láta gamlan draum rætast og skrifa skáldsögu eða smásögu á meðan þú ert í vinnunni?



ÚTSALA
Á KAMÍNUM
25%
afsláttur



Líttu við í verslun okkar
eða kynntu þér úrvalið
á heimasíðunni:
www.normx.is
NORMX
Setlaugar & kamínur
Auðbrekku 6 • 200 Kópav. • Sími 565 8899



Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22


# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd fyrir heilsuna auglýsir: hef flutt stofuna mína í Síðumúla 25, 3.hæð sími 659 9277.

Heilnudd/slökunarnudd. Slakandi fyrir líkama og sál. Stjörnunudd S: 846 0202 Opið 11-18

Jólagjöf Nuddarans. Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir til sölu.

S:891 6447 Óli.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 2 herb. íbúð í miðbæ 101 Rvk. 120 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Uppl. 776 3260.

Gott herbergi í 4herbergja íbúð á góðum stað í Garðabæ til leigu fyrir KK leigjanda á 65þ. á mánuði, aðgangur að öllu. Uppl. 868 2480.

2ja herb. 60 fm íbúð í 105 Rvk. Verð 120þ. á mánuði. Uppl. í s. 659 4403.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2 herb. eða rúmgóðu herb. Reglusamur. Skilvísum greiðslum heitið. S: 844-0553.

## Atvinnuhúsnæði

**64,6 (51,6+13) m2 iðnaðarbil**
Þessi eftirsótta stærð er til sölu eða leigu. 13 m2 milliloft. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslulausnir.is**
Búslóðageymsla og flutningar. Sími: 615-5005

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# HEIMILIÐ

## Gefins

FJÁRÖFLUN
fyrir félög og hópa
frábært úrval pakka sem innihalda jólapappir og skraut



Margir möguleikar - hafið samband
DANCO HEILDVERSLUN
Melabraut 19
220 Hafnarfiði
Sími: 575 0200
danco@danco.is
www.danco.is

# ATVINNA

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

## Atvinna í boði

**Energia veitingast. Smáralind/hlutastörf**
**Óskum eftir hressum og duglegum orkuboltum í eftirtalin störf: Þjónar í sal og á kaffibar, þurfa að geta unnið undir álagi, vera vel skiplagðir, og geta unnið í hóp. Aðstoð í eldhúsið, þarf að geta unnið öll þau störf sem til falla í eldhúsi, verður að geta unnið undir álagi, og vera tilbúin að taka aukavaktir. Aldurstakmark 20 ár, og íslenska skilyrði. Umsóknir sendist á energia@energia.is**

Tapas barinn

Tapasbarinn óskar eftir hressum og skemmtilegum þjónum , reynsla æskileg en ekki skilyrði,aðeins tekið við umsóknum á staðnum alla daga milli 13:00 OG 18:00 Tapasbarinn, Vesturgata 3b.

Vantar fólk í sölu og áfyllingar / ræstingar og fl. Fullt starf og um helgar, þarf að tala og skilja íslensku. Allar umsókir sendist á frumkonnun@gmail.com

Yfirvélstjóra vantar á Sæfara Á.R.

vélarstærð 465 kw. Uppl. í s. 852 3233.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Lífssýn heldur félagsfund, þriðjudagskvöld 6. nóvember kl. 20:30 í Rósinni, að Bolholti 4, 4.h. Hallgrímur Helgason rithöfundur segir okkur frá því hvernig hann fangar hugmyndir sínar. Léttar veitingar. Aðgangseyrir kr. 1000,-. Allir velkomnir. www.lifssyn.com Stjórnin

## Tilkynningar

**Opið hús**
**Opið hús fyrir eldri borgara í Hallgrímskirkju miðvikudaginn 7. nóv kl. 14.00. Gestur fundarins er Guðni Ágústsson fyrrv. ráðherra. Allir velkomnir. Hallgrímskirkja**

## Atvinna

### Starf á tannlæknastofu

Aðstoð óskast á tannlæknastofu á höfuðborgarsvæðinu.
Um er að ræða fullt starf alla virka daga allan daginn.
Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.
Umsóknir og ferilskrá ásamt meðmælum má senda á netfangið: tannveg.umsoknir@gmail.com

## Fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### OPIN HÚS

### Byggðarendi 16.




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30 -18.00**
Fallegt 270,6 fm. einbýlishús með aukaíbúð við Byggðarenda. Húsið er mikið endurnýjað. Aðalíbúðin skiptist m.a. í eldhús með eyju og vandaðri sérsmíðaðri innréttingu, stofu og borðstofu með útgengi í garð, hjónaherbergi með fataherbergi innaf, tvö barnaherbergi og flísalagt baðherbergi. Hiti í gólfum að hluta. Innfelld lýsing á erfi hæð. Sér íbúð á neðri hæð. Glæsilegur og sólríkur garður til suðvesturs. Stór verönd úr harðviði og heitur pottur. **Verð tilboð.**
**Verið velkomin.**

### Miðbraut 8 – Seltjarnarnesi.




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**
Góð 248,8 fm. heil húseign með tveimur íbúðum á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin skiptist í 121,3 fm. 5 herbergja efri sérhæð ásamt 23,2 fm. bílskúr. Á neðri hæð er 68,2 fm. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi ásamt 23,2 fm. bílskúr. Auk þessa er 12,9 fm. þvottahús/lagnaherbergi. Svalir til suðurs út af stofu efri hæðar og útgengi á timburverönd til suðurs út af stofu neðri hæðar. **Verð 59,5 millj.**
**Verið velkomin.**




Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.

Allt sem þú þarft...



Vinsælasti spjallþáttur heims
ellen
the ellen degeneres show
Alla virka daga klukkan 17.35
endursýndur á Stöð 2 Gull klukkan 19.00



2 skemmtilegri

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Aukinn kraft í nýsköpun

Nýsköpun



Áslaug María Friðriksdóttir
borgarfulltrúi

Drifkraftur nýsköpunar á sér frekar stað hjá einkaaðilum en hinu opinbera. Hins vegar ætti nýsköpun að eiga jafn vel heima í opinberum rekstri. Hugtakið nýsköpun vísar til breytinga. Hægt er að tala um nýsköpun þegar verulegar breytingar verða á afurðum, aðferðum eða skipulagi. Markmiðin með nýsköpun geta verið ólík. Þau geta fjallað um nýjungar og viðbætur en eins sparnað í rekstri og skilvirkni í þjónustu.

Nýsköpun er háð því að stjórnendur og starfsmenn hafi frelsi og getu til að prófa nýjar hugmyndir og leiðir. Starfsumhverfið, viðhorf og menning innan fyrirtækjanna geta þar skipt sköpum. Nauðsynlegt er að rekstrarumhverfi opinberra stofnana gefi rými til nýsköpunar.

Ekki er nægilegt rými fyrir nýsköpun innan opinberrar þjónustu. Þetta á sérstaklega við um velferðar- og menntageirann. Hugsjónafólk sem vill gera tilraunir til að reka öðruvísi þjónustu fer gjarnan út í einkarekstur enda hentar ríkisramminn illa eða alls ekki. Gott dæmi er Hjallastefnan. Þar hefur hugsjónafólk haldið út fyrir rammann til að reka þjónustu á annan hátt en hefðbundið er. Mörg dæmi eru um að einkaaðilar, sjálfseignarstofnanir eða samtök taki að sér að sjá um þjónustu á hendi ríkisins. Nefna má Sóltún sem Öldungur hf. rekur og sinnir þjónustu við aldraða, en þar hefur mikið frumkvöðlastarf verið unnið við að innleiða nýja nálgun í þjónustu. Heilbrigðisþjónustan í Salahverfi í Kópavogi hefur einnig verið rekin af einkaaðila í nokkur ár með sóma og fyrirtækið Karitas sinnir sérhæfðri heimaþjónustu fyrir langveika með því markmiði að efla slíka þjónustu og styrkja.

Ákveðin stífni hefur einkennt viðbrögð við þessari þróun. Nú er hins vegar ekki hægt að horfa fram hjá því að bæði notendur og stjórnendur kalla á breytingar. Hagsmunasamtök fatlaðra eru á einu máli um að efla beri vald notenda. Notendur eigi að stjórna hvernig þjónusta er veitt í stað þess að opinberir starfsmenn hafi þau völd í hendi sér. Aldraðir hafa látið í sér heyra og telja á sér brotið af því að þeir hafa ekki tækifæri til að velja sjálfir um það hvernig, hvenær og hver veitir þeim þjónustu. Athyglisvert var einnig að sjá í fréttum um daginn að heimilislæknar telja að starfsumhverfið hér á landi sé ekki nógu aðlaðandi, of stíft og henti þeim illa. Þeir komi flestir frá Norðurlöndunum, þar sem þeir hafi mun meiri tækifæri til að hafa áhrif á eigið starfsumhverfi. Því sé hætta á flótta úr greininni. Allt í kringum okkur spretta upp vísbendingar um að það kerfi sem við nú rekum verði að taka meiri breytingum.

Aukinn sveigjanleiki í opinberum rekstri er nauðsynlegur og aðkallandi. Vald þarf að færast til stjórnenda og notenda og stífir rammar þurfa að heyra sögunni til. Höldum nýsköpuninni ekki í skefjum. Gefum henni aukinn kraft.

# Atvinnumál í forgang

Atvinnumál



Anna Margrét Guðjónsdóttir
ráðgjafi með eigin rekstur

Aukin fjárfesting og verðmætasköpun í atvinnulífinu er eitt brýnasta verkefni næstu ára. Þannig sköpum við störf og bætum afkomu heimilanna í landinu. Ég hef starfað að atvinnuþróunarmálum víða um land drjúgan hluta starfsævinnar og hef nú ákveðið að gefa kost á mér í 3.–4. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík í þeirri trú að reynsla mín og starfskraftar nýtist við að fylgja eftir metnaðarfullri atvinnustefnu okkar jafnaðarmanna.

Systurhreyfingar okkar á Norðurlöndunum hafa leitt uppbyggingu einhverra samkeppnishæfustu samfélaga heims þar sem áherslan er jöfnum höndum á menntun, rannsóknir, öflugt velferðarkerfi og blómlegt athafnalíf. Hér þurfum við að byrja á að bæta starfsumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og gera stoðkerfi og nýsköpunarstuðning einfaldari og skilvirkari.

Í gegnum aðildarviðræður við ESB tengjumst við hinu öfluga atvinnuþróunarstarfi sambandsins og leggjum grunn að lausn til framtíðar í gjaldmiðilsmálum og betra starfs- og samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja. Þingflokkur jafnaðarmanna þarf að búa að þekkingu og reynslu á þessari hlið Evrópusamvinnunnar. Sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi hef ég á undanförnum árum unnið með mörgum aðilum að undirbúningi Evrópuverkefna og miðlun reynslu.

Á þessu kjörtímabili hef ég verið 1. varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi og nokkrum sinnum tekið sæti á Alþingi auk þess að vera formaður utanríkismálanefndar Samfylkingarinnar og varaformaður fulltrúaráðs flokksins í Reykjavík.

Í störfum mínum að atvinnuþróunarmálum og á vettvangi stjórnmálanna hef ég sannfærst um að bestum árangri náum við með samvinnu sem nær þvert á alla landshluta og dregur fram styrkleika og sérstöðu hvers og eins. Við erum ein þjóð og samstaðan gefur okkur kjark og sjálfstraust til að takast á við verkefnin fram undan og eiga gefandi samstarf við aðrar þjóðir.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



42 **ETHAN HAWKE** leikari á afmæli í dag.

*„Samband mitt við raunveruleikann hefur verið brenglað svo lengi að ég er hættur að taka eftir því. Það er núna minn raunveruleiki.“*

---

✝



Ástkær móðir, tengdamóðir, amma, dóttir, systir, mágkona og frænka,

**GUÐRÚN DÝRLEIF KRISTJÁNSDÓTTIR**

**lögmaður og hjúkrunarfræðingur,**

sem lést 24. október sl., verður jarðsungin frá Neskirkju við Hagatorg miðvikudaginn 7. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast Dýrleifar er bent á minningarsjóð í hennar nafni til að efla rannsóknir á sviði auðlinda- og umhverfisréttar og á sviði geðverndar. Bankareikningur: 0331-13-307298, kt. 570297-2289.

**Fyrir hönd vina og ættingja**

**Kristján Gerhard** — **Hjördís Erna Sigurðardóttir**
**Rebekka Rut, Rannveig Lára og Rúnar Máni**
**Unnur Jónsdóttir**
**Stefán Kristjánsson** — **Ólöf H. Bjarnadóttir**
**Guðríður A. Kristjánsdóttir** — **Ómar B. Hansson**
**Kristín Jóna Kristjánsdóttir** — **Hafsteinn Már Einarsson**
**og systkinabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma.

**GUÐRÚN S. PÁLSDÓTTIR**

**lyfjatæknir,**
**Norðurbakka 11a, áður Hverfisgötu 46, Hafnarfirði,**

lést föstudaginn 2. nóvember á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 9. nóvember kl 15.00.

**Halldór Sigurðsson**
**Ásgeir Halldórsson** — **Anita Anna Jónsdóttir**
**Ragnar Guðlaugsson** — **Lára Birgisdóttir**
**Hallfríður Sigurðardóttir** — **Robert Petersson**
**Páll Sigurðsson**
**Emil A. Sigurðsson** — **Valda Brokane**
**Jófríður Halldórsdóttir** — **Sigurður Jónsson**
**Sigurður Halldórsson** — **Ester Arnarsdóttir**
**Hilmar Halldórsson** — **Kolbrún Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

# Geggjað, gott og grúví

Þrítónaleikar Skólahljómsveitar Kópavogs hefjast í Háskólabíói á morgun. Þar koma fram þær þrjár lúðrasveitir sem starfræktar eru undir nafni Skólahljómsveitarinnar og stefna þær að því að flytja bæði fjölbreytta og skemmtilega tónlist.

Þema tónleikana er GGGG eða „Geggjað Gott og Grúví Gaman“, en skammstöfunin er komin frá krökkunum sjálfum. Lagavalið er einnig í höndum meðlima sveitarinnar en lögin sem verða á efnisskránni eru þeirra eigin óskalög. Meðal laganna sem eiga eftir að hljóma í Háskólabíói á morgun eru Bohemian Rhapsody, Bítlalagið Something og Stevie Wonder-syrpa. Einnig eru tónlistarmenn á borð við Adele og Michael Jackson fyrirferðarmiklir, sem og lög úr þekktum bíómyndum. Allir ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi og markmiðið er að skemmta áhorfendum.



**SPILA EIGIN ÓSKALÖG** Hljómsveitarmeðlimir spila sín eigin óskalög á tónleikunum.

Eins og fyrr segir eru tónleikarnir á morgun þeir fyrstu af þremur, en fyrirhugaðir eru bæði nýárstónleikar og góuhljómar á næsta ári.

Skólahljómsveitin fagnar 45 ára afmæli sínu á þessu ári og hefur árið því verið einstaklega annasamt. Um 140 börn á aldrinum 9-18 ára mynda sveitina en stjórnandi er Össur Geirsson. Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30 og er aðgangseyrir 1.000 krónur fyrir 16 ára og eldri en frítt fyrir yngri. **- áp**

---

✝

Ástkær sonur minn, bróðir og frændi,

**ÓMAR ANTON BJARNASON**

**Geislatúni 1, Akureyri,**

lést á heimili sínu laugardaginn 20. október síðastliðinn. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey. Einlægar þakkir til starfsfólks Geislatúns 1, Hæfingarstöðvarinnar við Skógarlund, Heimahlynningarinnar á Akureyri og lyfjadeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir einstaka og ómetanlega umönnun.

**Bjarni Þorvaldsson**
**Sigrún Bjarnadóttir**
**Bjarni Herrera Þórisson**
**Anna Elvíra Herrera Þórisdóttir**
**Vilhjálmur Herrera Þórisson**
**Þorbjörg Guðmundsdóttir**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEFÁN VALDIMAR ÞORSTEINSSON**

**fv. feldskeri,**
**Silfurteigi 6, Reykjavík,**

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 30. október, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 11.00.

**Anna Margrét Cortes**
**Björg Cortes Stefánsdóttir** — **Halldór I. Elíasson**
**Steinunn Guðbjörg Stefánsdóttir**
**Stefán Valdimar Halldórsson**
**Anna Margrét Halldórsdóttir** — **Haraldur Darri Þorvaldsson**
**Steinar Ingimar Halldórsson** — **Xue Li**
**Halldór Alexander, Jökull Ari og Hugrún Eva Haraldsbörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**JÓHANN EINVARÐSSON**

**Heiðargarði 29, Keflavík,**

lést laugardaginn 3. nóvember.

**Guðný Gunnarsdóttir**
**Gunnar Jóhannsson** — **Fríða Kristjánsdóttir**
**Einvarður Jóhannsson** — **Alice Harpa Björgvinsdóttir**
**Vigdís Jóhannsdóttir** — **Birgir Örn Tryggvason**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN F. JÓHANNESDÓTTIR**

**áður til heimilis að Aflagranda 40,**

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 7. nóvember kl. 15.00.

**Jóhannes Jónsson** — **Guðrún Þórsdóttir**
**Ester Jónsdóttir** — **Einar Vilhjálmsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEFÁN JÓNSSON**

**frá Torfastöðum,**

sem lést föstudaginn 2. nóvember á Dvalarheimilinu Grund, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju í Reykjavík föstudaginn 9. nóvember klukkan 13.00.

**Margrét, Sigurbjörg og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

**SIGFÚS JÓNSSON**

**Skúlagötu 20,**

fyrrverandi forstjóri Innkaupastofnunar Reykjavíkur, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju fimmtudaginn 8. nóvember kl. 15.00.

**Bergljót Sigurðardóttir**
**Sigurður Sigfússon** — **Hrund Einarsdóttir**
**Kristján Sigfússon** — **Ragnhildur Sigurjóndóttir**
**Sólveig Jónsdóttir**
**Kristján Jónsson**
**Finnur Hrafn Jónsson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**INGIBJÖRG JÓNASDÓTTIR**

**húsmóðir og tónlistarkona frá Suðureyri við Súgandafjörð,**

lést á dvalarheimilinu Hrafnistu Hafnarfirði föstudaginn 2. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 7. nóvember kl. 15.00.

**Ragnheiður Björk Guðmundsdóttir** — **Ágúst Ágústsson**
**Ellert Guðmundsson**
**Kolka Hvönn Ágústsdóttir**
**Ingibjörg Aþena Ellertsdóttir**
**Ragnar Jónasson**

---

✝



Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar

**GÍSLA HALLDÓRSSONAR**

**arkitekts.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks og borðfélaga á Hjúkrunarheimilinu Eir, deild 2B, fyrir alúð og vinskap.

**Leifur Gíslason** — **Þórdís Jónsdóttir**
**Margrét Leifsdóttir** — **Þorsteinn Stefánsson**
**Gísli Leifsson**
**Jón Páll Leifsson** — **Guðrún Norðfjörð**
**og langafabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN SIGURLAUG BENJAMÍNSDÓTTIR**

lést hinn 26. október síðastliðinn á Hrafnistu í Hafnarfirði. Jarðarförin fór fram í kyrrþey. Bestu þakkir til starfsfólks Hrafnistu á 3. og 4. hæð fyrir frábæra umhyggju í gegnum árin.

**Hildur Guðmundsdóttir**
**Dagný Guðmundsdóttir** — **Sævar Hjálmarsson**
**Björn Guðmundsson** — **Helga Lára Guðmundsdóttir**
**Edda Guðmundsdóttir** — **Guðmundur Víðir Helgason**
**Gunnar Guðmundsson** — **Rakel María Óskarsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdasonur, bróðir, mágur og frændi,

**ARINBJÖRN AXEL GEORGSSON**

**Heiðarbraut 41, Akranesi,**

lést 30. október síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 9. nóvember klukkan 14.

**Elísabet Harles**
**Ingibjörg Lilja Arinbjörnsdóttir** — **Hlynur Steinn Arinbjörnsson**
**Ingibjörg Hafsteinsdóttir** — **Hákon H. Pálsson**
**Vilborg Guðríður Georgsdóttir** — **Ingibjörn Sigurjónsson**
**Halldór Sigfús Georgsson** — **Sigríður Bragadóttir**
**Haukur Georgsson** — **Regína Geirsdóttir**
**Hjálmar Georgsson** — **Sigrún Hjördís Haraldsdóttir**
**Fjóla Georgsdóttir** — **Ómar Þröstur Björgólfsson**
**Guðni Jóhannes Georgsson** — **Jóhanna María Sigurgeirsd.**
**Svandís Georgsdóttir** — **Sigurvin Jón Kristjánsson**
**og systkinabörn.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**VIGFÚS ÓLAFSSON**

**Viðilundi 9, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar föstudaginn 19. október. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 7. nóvember kl. 13.30.

**Anna Gunnur Vigfúsdóttir** — **Anton Sölvason**
**Sigurlaug María Vigfúsdóttir**
**Sigurður Vigfússon** — **Þóra Elísabet Leifsdóttir**
**Hulda Vigfúsdóttir** — **Ómar Stefánsson**
**Gunnar Vigfússon** — **Jóhanna María Friðriksdóttir**
**Dóra Vigdís Vigfúsdóttir** — **Ámundi Sjafnar Tómasson**
**afa- og langafabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

---

✝



Ástkær frænka mín,

**RAGNHEIÐUR ÁSBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR**

**Sólheimum 23, Reykjavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 4. nóvember. Jarðarför auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðjón Ásbjörn Ríkharðsson.**




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 61642 11/12

Í 75 ár hefur Icelandair tengt Ísland við umheiminn. Aldrei áður hefur leiðakerfi Icelandair verið jafn stórt og nú þegar það tengir Ísland við 35 borgir með 220 ferðum á viku. Stundvísasta flugfélag í Evrópu kemur þér örugglega alla leið á réttum tíma.*

+ **Bókaðu núna á icelandair.is**

**Vertu með okkur**

ICELANDAIR

*Samkvæmt nýjustu gögnum Evrópusambands flugfélaga (AEA) í september.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** gufuhreinsa, **6.** tveir eins, **8.** lærir, **9.** angan, **11.** tveir, **12.** sefast, **14.** veldis, **16.** ætíð, **17.** árkvíslir, **18.** námstímabil, **20.** í röð, **21.** þráður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** um fram, **3.** gangflötur, **4.** verkfæri, **5.** flýtir, **7.** gjaldmiðill, **10.** mánuður, **13.** skjön, **15.** lappi, **16.** verkfæri, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** eima, **6.** ff, **8.** les, **9.** ilm, **11.** ii, **12.** róast, **14.** ríkis, **16.** sí, **17.** ála, **18.** önn, **20.** lm, **21.** garn.

**LÓÐRÉTT: 1.** yfir, **3.** il, **4.** meitill, **5.** asi, **7.** flórína, **10.** maí, **13.** ská, **15.** sami, **16.** sög, **19.** nr.










BBC ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


# Stelpur og strákar fá raflost

**BAKÞANKAR**
**Erlu Hlynsdóttur**



Í vikunni fékk ég að handleika óvenjulegan hlut sem löngu er hætt að nota: Blóðtökutæki. Inni í því voru átta litlir hnífar. Þegar losa átti fólk við illvíga sjúkdóma var tækið lagt á hold þess og þrýst á þannig að hnífarnir skáru og blóðið vall. Ég sagði við manninn sem átti tækið að það hefði nú ekki verið þægilegt að láta nota þetta á sig. Hann svaraði mér um hæl: „Sjúklingar voru nú ekki spurðir að því og síst af öllu á þessu sjúkrahúsi.“ Ég spurði hvaða sjúkrahús það hefði verið. „Það var Kleppur.“

**Í DAG** lætur enginn sér detta í hug að blóðtaka skili nokkru nema þjáningum. Önnur gamaldags leið til að lækna geðsjúkdóma er að gefa fólki raflost. Hún er þó ekki meira gamaldags en svo að ég hef fylgt fólki í rafmeðferð og haldið í höndina á því alveg þangað til rafstraumnum var hleypt á.

**MARGIR** sjá fyrir sér atriði úr hryllingsmyndum þegar raflækningar eru nefndar. Það er vissulega þannig að líkaminn stífnar allur upp þegar straumurinn fer um líkamann og það er þannig að upp í fólk er settur gómur til að fólk bíti ekki í tunguna á sér. En rafmeðferð getur gert kraftaverk.

**ÞEGAR** ég vann á Kleppi kynntist ég mörgum sem voru mjög langt leiddir af geðsjúkdómum. Í einstaka tilvikum þá hreinlega virkuðu engin lyf. Það er bókstaflega allt reynt áður en rafmeðferð er hafin því henni fylgja gjarnan minnistruflanir sem auðvitað hafa áhrif á daglegt líf fólks. En þrátt fyrir að enginn viti nákvæmlega af hverju það virkar að gefa fólki rafstuð, þá bara virkar það.

**EINN** sérlega óhamingjusamur sjúklingur var kona sem hafði misst öll tengsl við heiminn. Hún öskraði og öskraði svo hátt að það þurfti að vera með eyrnatappa til að geta verið lengi hjá henni. Hún reyndi að meiða sjálfa sig og aðra, og því var gripið til þess örþrifaráðs að óla hana niður í rúmið með ólum sem festar voru saman með seglum. Ekkert virkaði og ákveðið var að prófa raflækningar. Ég fylgdi henni í nokkur skipti, vantrúuð á að þetta myndi bera nokkurn árangur. Þangað til hún hætti að öskra og byrjaði að brosa. Hún var orðin hún sjálf aftur.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Við vildum bjóða upp á almennilegt kaffi.

# Þess vegna settum við Te & Kaffi í málið.

Gæðakaffið á Stöðinni er unnið úr sérvöldum kaffibaunum, ristuðum af Te & Kaffi.

TE & KAFFI



| | |
|---|---|
| Latte | 329 kr. |
| Cappuccino | 329 kr. |
| Swiss Mocca með rjóma | 429 kr. |
| Tvöfaldur Latte | 399 kr. |
| Tvöfaldur Cappuccino | 408 kr. |
| Americano | 279 kr. |
| Espresso | 229 kr. |
| Macchiatto | 279 kr. |
| Auka kaffiskot | 79 kr. |




**Tilboð!** Allir kaffidrykkir á 229 kr. með kortum og lyklum Orkunnar og staðgreiðslukorti Skeljungs.

Stöðin

www.stodin.is

# menning
menning@frettabladid.is

**SÁLUMESSA Í HÖRPU** Dómkórinn í Reykjavík og Kammerkór Dómkirkjunnar, ásamt einsöngvurunum Sigrúnu Hjálmtýsdóttur, Sesselju Kristjánsdóttur, Snorra Wium og Viðari Gunnarssyni og kammersveit, flytja Requiem eftir Mozart í Eldborgarsal Hörpu klukkan 20 í kvöld. Stjórnandi er Kári Þormar. Tónleikarnir eru hluti Tónlistardaga Dómkirkjunnar og eru tileinkaðir minningu Marteins H. Friðrikssonar dómorganista (1939-2010). Miðasala er á vef Hörpu.






**VOGUN VINNUR, VOGUN TAPAR** Tómas segir að mikið þurfi að hafa fyrir því að komast inn á sænskan bókamarkað en ef vel gangi margborgi það sig.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sögur gefa út sex bækur í Svíþjóð

**Sögur útgáfa færir út kvíarnar og gefur út sex bækur í Svíþjóð fyrir jól. Tómas Hermannsson útgefandi segir drauminn vera að gefa út bækur jöfnum höndum á íslensku og sænsku.**

Sögur útgáfa stendur í stórræðum þessa dagana en í gær komu sex bækur á vegum útgæafunnar út í Svíþjóð. Um er að ræða bókaflokk um fótbolta eftir Illuga Jökulsson; bækur um Ronaldo og Messi, sem komu út á íslensku í sumar, og fjórar til viðbótar um knattspyrnumanninn Zlatan og fótboltafélögin Barcelona, Real Madrid og Manchester United. Þær fjórar síðastnefndu komu jafnframt út á íslensku í gær. Bókin um Barcelona kemur út í formlegu samstarfi við félagið.

Útgáfan í Svíþjóð á sér nokkurn aðdraganda en fyrr á árinu flutti Tómas Hermannsson, eigandi Sagna, til Lundar ásamt fjölskyldu sinni til að reyna fyrir sér á sænskum bókamarkaði.

„Ívar Gissurarson, sem átti bókaútgáfuna Skruddu, flutti til Lundar í fyrra," segir Tómas. „Ég var í sambandi við hann og við ákváðum að kanna markaðinn þarna úti og hvernig hann virkar. Þetta er dálítið ólíkt. Hér heima sjá útgefendur jafnan sjálfir um sölu og dreifingu. Í Svíþjóð þarf maður hins vegar að komast að sjá sölu- og dreifingarfyrirtæki ef maður ætlar að komast á markað. Til þess þarf maður að gera sýnishorn af titlunum sem sölufyrirtækið þarf að samþykkja. Ef það gerist koma bækurnar út um það bil hálfu ári síðar. Þetta er miklu meira ferli en heima á Íslandi."

Sögur útgáfa lét útbúa sýnishorn af fimmtán titlum, bæði titlum sem hafa komið út undir eigin hatti og samprenti.

„Fyrirtækið sem við leituðum til staðnæmdist strax við bækurnar um Messi og Ronaldo og taldi vera góðan markað fyrir þær. Við vorum með hinar bækurnar í pípunum og þeim leist vel á þær, það vel að þeir vildu flýta útgáfunni á þeim um þrjá mánuði því upphaflega stóð til að þær kæmu út í janúar."

Tómas er staddur á Íslandi til að fylgja jólaútgáfunni eftir hér heima.

„Við ætlum að gefa áfram út á báðum stöðum en vitum auðvitað ekkert hvernig þetta fer þarna úti. Það gildir það sama þar og hér, ef bækurnar seljast ekki fær maður þær í hausinn. Upplagið sem er prentað er auðvitað mun stærra, svo að tekjumöguleikarnir eru meiri ef vel gengur. Ef þetta floppar verður skellurinn hins vegar að sama skapi stærri. En það er ákveðin staðfesting að sölufyrirtækið vill veðja á þetta. Nú vonar maður bara að það borgi sig. Það eina sem gerist ef illa gengur er að við komum aftur heim."

Sögur útgáfa hefur þegar samið um útgáfu á fleiri bókum í Svíþjóð, sem koma út í mars á næsta ári, bæði eigin bókum og verkum frá öðrum forlögum hér á landi. „Draumurinn er að geta gefið út bækur á tveimur tungumálum í einu."

bergsteinn@frettabladid.is





Velkomin í félagsmiðstöðina í þínu hverfi

Miðvikudaginn 7. nóvember standa félagsmiðstöðvar á Íslandi og SAMFÉS fyrir svokölluðum Félagsmiðstöðvadegi. Félagsmiðstöðvar í Reykjavík taka af því tilefni vel á móti gestum frá klukkan 18:00 og fram á kvöld.

Allir eru velkomnir, sérstaklega foreldrar og „gamlir" unglingar sem vilja rifja upp kynnin við gömlu félagsmiðstöðina sína.

Nánari upplýsingar á www.skolarogfristund.is eða hjá félagsmiðstöðvum

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið






# Hægðu á öldrun húðarinnar með réttu aðferðinni og vertu ungleg lengur

Vísindamenn Sothys hafa þróað fullkomna línu til að hægja á og vinna gegn öldrun húðarinnar.
Sothys fylgir hugmyndafræði sem felur í sér greiningu á húðinni til að meta raunverulegan aldur hennar, svokallað „aldursstig".

**20%**
afsláttur af öllum Sothys vörum
6.-10. nóv.

Tilboð - Krem og serum

## 50% afsláttur af serum

## Með kaupum á kremi og serum fylgir vönduð Sothys snyrtitaska

**HÚÐDAGAR Í VERSLUNUM LYFJU**
**Tilboðið gildir 6. nóv. - 10. nóv. eða á meðan birgðir endast**

Sérfræðingur frá Sothys verður í verslunum Lyfju með hátækni **„Skin Analizer"** húðgreiningatæki, þar sem viðskiptarvinir geta fengið fría húðgreiningu.
Tækið greinir mjög nákvæmlega ástand húðarinnar þ.e. raka- og fitustig, litabletti, viðkvæmni, stinnleika og línur.
**Komdu og láttu okkur greina húðina þína.**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Lyfja Lágmúla** | þriðjud. | 6. nóv. | Kl. | 13-17 |
| **Lyfja Smáratorg** | miðvikud. | 7. nóv. | Kl. | 13-17 |
| **Lyfja Laugavegi** | föstud. | 9. nóv. | Kl. | 13-17 |
| **Lyfja Smáralind** | laugard. | 10. nóv. | Kl. | 13-17 |

SOTHYS
PARIS

*Sothys Collagene hyaluronique™ línan er þróuð til að vinna gegn öldrun húðarinnar og er sú fyrsta sem beinist að „raunverulegum aldri" húðarinnar með markvissum hætti*

LYFJA
- Lifið heil

# Listræn sýning Sigur Rósar

★★★★★

**Sigur Rós**
Nýja Laugardalshöllin

**4. nóvember**

Eins og búast mátti við ríkti mikil eftirvænting eftir fyrstu tónleikum Sigur Rósar hérlendis í fjögur ár. Hljómsveitin hefur verið á tónleikaferð um heiminn til að fylgja plötunni Valtari eftir og ætlaði að tjalda öllu til á heimavelli. Það gerði hún bókstaflega því þegar í Nýju Laugardalshöllina var komið var búið að girða sviðið af með stóru gegnsæju tjaldi.

Eftir að hljómsveitin mætti nokkuð seint á svið, tíu mínútur yfir átta, hófust leikar. Í fyrstu þremur lögunum var tjaldið fyrir sviðinu og varpað var á það myndum, bæði af trjám úr tónlistarmyndböndum Sigur Rósar og af hljómsveitarmeðlimunum sjálfum uppi á sviði, enda sáust aðeins skuggar þeirra í gegnum tjaldið. Stundum leið manni eins og maður væri að horfa á risastórt tónlistarmyndband en þetta kom engu að síður mjög vel út og var upphafið að mikilli sjónrænni veislu.

Eftir að tjaldið hafði verið fellt niður hékk breiðtjald yfir sviðinu þar sem ýmsum myndum var áfram varpað. Sú lausn, ef svo má segja, heppnaðist afar vel.

Sigur Rós spilaði mörg af sínum bestu lögum á tónleikunum en aðeins var pláss fyrir eitt af hinni hlustendavænu Með suð í eyrum við spilum endalaust og tvö af nýju plötunni Valtara. Áhorfendur tóku mest við sér þegar Hoppípolla byrjaði að óma. Allir flottu snjallsímarnir voru drifnir á loft og lýstu þeir upp salinn á meðan þeir tóku upp herlegheitin.

Annars er erfitt að nefna eitt lag umfram annað á tónleikunum. Nánast öll voru þau frábær, þar á meðal Glósóli, Hafsól og Varúð. Hljómsveitarmeðlimir voru sem fyrr fámálir. Það eina sem Jónsi sagði fram að uppklappi var til mynda „takk“ og það aðeins tvisvar sinnum.

Eftir uppklapp spilaði Sigur Rós þrjú lög, þar á meðal nýja lagið Brennisteinn. Þar kvað við nokkuð nýjan tón. Lagið var einhvers konar blanda af elektrói og rokki, virkilega töff, og var það kryddað með æðislegri grænni leysigeislasýningu, en fyrr á tónleikunum hafði blá leysigeislasýning lýst upp salinn. Brennisteinn veit á gott fyrir næstu plötu Sigur Rósar, sem kemur líklega út á næsta ári.

Lokalagið var svo síðasta lag svigaplötunnar, Popplagið. Sannarlega frábær endahnykkur á mögnuðum tveggja tíma löngum tónleikum.

Þessir langþráðu Sigur Rósar tónleikar stóðu vel undir væntingum. Spilamennskan var framúrskarandi og virtist hljómsveitin ekkert sakna hljómborðsleikarans Kjartans Sveinssonar. Sjónræni þátturinn hafði einnig mikið að segja og gerði frábæra tónleika enn betri; eiginlega að listrænni sýningu. Ekki amalegur endir á annars stórskemmtilegri Airwaves-hátíð.

**Freyr Bjarnason**

**Niðurstaða:** Frábærir tónleikar hjá Sigur Rós. Veisla fyrir augu og eyru.



**MAGNAÐIR TÓNLEIKAR** Jón Þór Birgisson og félagar í Sigur Rós fóru á kostum á mögnuðum tónleikum í Nýju Laugardalshöllinni á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## LAGALISTINN Á TÓNLEIKUM SIGUR RÓSAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lagið í gær | Viðrar vel til loftárása | Glósóli | Brennisteinn |
| Vaka | Hoppípolla + | Festival | Popplagið |
| Ný batterí | Með blóðnasir | Varúð | |
| Svefn-g-englar | Olsen olsen | Hafsól | |
| Sæglópur | | Ekki múkk | |


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁSBÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SKYFALL | 7, 9, 10(P) | 12 |
| PITCH PERFECT | 8, 10.15 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA 2D | 6 | 7 |
| TEDDI 2D | 6 | L |

SAMBÍÓIN
UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ Í KRINGLUNNI
007




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END... | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 14 |
| HOUSE AT THE END... VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| FRANKENWEENIE ÍSL. TEXTI Í 3D | KL. 6 - 8 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| END OF WATCH | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| LOOPER | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE CAMPAIGN | KL. 6 | 12 |
| LAWLESS | KL. 10:20 | 16 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END.. | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| END OF WATCH | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| HOPE SPRINGS | KL. 5:40 - 8 | L |
| LOOPER | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI 007
UPPLIFÐU NÝJA SAMBÍÓIÐ KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 11 | 14 |
| SKYFALL | KL. 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 10 | 12 |
| HOPE SPRINGS | KL. 5 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 8 - 10:20 | 14 |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE AT THE END OF THE STREET | KL. 11 | 14 |
| SKYFALL | KL. 8 | 12 |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:10 | 16 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




KÍNVERSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 中国电影节 HÁSKÓLABÍÓ 2.-8. NÓVEMBER
Dagskrá og miðasala á Miði.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| PITCH PERFECT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 3.40 - 5.50 - 8 | 7 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 10.10 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| TEDDI LANDKÖNNUÐUR | KL. 3.40 | L |
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |
| TAKEN 2 | KL. 10.10 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| PITCH PERFECT | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 5.50 | 7 |
| SKYFALL KL. 6 - 9 12 / TAKEN 2 | KL. 10.30 | 16 |
| LOVE IS ALL YOU NEED | KL. 8 | L |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |
| KORA KL. 10 L / I DO | KL. 8 | 10 |
| THE FLOWERS OF WAR | KL. 5.30 | 16 |

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| PITCH PERFECT | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| SKYFALL | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| DJÚPIÐ | KL. 6 | 10 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio






Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói

Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.
www.kvikmyndasafn.is

SAGA BORGARÆTTARINNAR
Viðgerð og endurhljóðsett
1. hluti: Ormarr Örlygsson og Danska frúin á Hofi (Þriðjudagar)
2. hluti: Gestur eineygði og Örn hinn ungi (Laugardagar)
Minningin um fyrstu bíómyndina sem tekin var á Íslandi hefur lifað með þjóðinni í meir en 90 ár. Taka hennar árið 1919 vakti feikna athygli og spennan í kringum frumsýninguna í ársbyrjun 1921 var gríðarleg.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS
ÞRIÐJUDAGUR: BERBERIAN SOUND STUDIO (16) 18:00, 20:00, 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 3. HLUTI (L) 20:00 ■ PURGE (HREINSUN) (16) 20:00, 22:30 ■ 2 DAYS IN NEW YORK (L) 18:00, 22:00 ■ SUNDIÐ (L) 18:00 ■ HREINT HJARTA (L) 20:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) (14) 17:30
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

**AVIS** Bílasala

# Síðustu tilboðs-dagar!




## *Komdu og leyfðu Avis að létta þér útborgunina.*

Við erum á **Nýbýlaveginum!**
(gamla Toyota húsið) **sími 571 6222**
**Opið laugard. 3. nóv. frá 13-17**
**Opið virka daga frá 12-17**
**Lokadagur fimmtudag 8. nóv.**

Sem dæmi þá getur þú eignast **VW Polo** með aðeins **226.000 kr.** útborgun eða **Nissan Qashqai** með aðeins **495.000 kr.** útborgun. Reiknaðu dæmið til enda og sjáðu hvernig Avis léttir þér bílakaupin.

### *VW Polo 1.2 2011*

| | |
|---|---|
| Söluverð | 1.880.000 kr. |
| Bílafjárm. Landsbankans | 1.504.000 kr. |
| (Meðalgreiðsla á mán. í sjö ár: | 24.548 kr.) |
| Eftirstöðvar | 376.000 kr. |
| Avis hluti | 150.000 kr. |
| Þín útborgun | 226.000 kr. |
| Heildarverð til þín | 1.730.000 kr. |

### *Nissan Qashqai 2011*

| | |
|---|---|
| Söluverð | 4.150.000 kr. |
| Bílafjárm. Landsbankans | 3.320.000 kr. |
| (Meðalgreiðsla á mán. í sjö ár: | 56.438 kr.) |
| Eftirstöðvar | 830.000 kr. |
| Avis hluti | 335.000 kr. |
| Þín útborgun | 495.000 kr. |
| Heildarverð til þín | 3.815.000 kr. |

Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans
landsbankinn.is 410 4800

AVIS
Við gerum betur.

www.avisbilasala.is

# sport

sport@frettabladid.is



**AUÐUNN JÓNSSON** varð um helgina heimsmeistari í réttstöðulyftu en HM fór fram í Púertó Ríkó. Auðunn lyfti 362,5 kg sem er jafnframt nýtt Íslandsmet. Auðunn varð þess utan áttundi í samanlögðu en alls setti kraftlyftingakappinn þrjú Íslandsmet á mótinu.

## Hópurinn

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Gunnleifur Gunnleifsson | Breiðablik |
| Hannes Þór Halldórsson | KR |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Indriði Sigurðsson | Viking |
| Birkir Már Sævarsson | Brann |
| Ragnar Sigurðsson | FCK |
| Hjálmar Jónsson | IFK Göteborg |
| Sölvi Geir Ottesen | FCK |
| Arnór Sveinn Aðalsteinsson | Hönefoss |
| Hjörtur Logi Valgarðsson | IFK Göteborg |
| Aron Einar Gunnarsson | Cardiff City |
| Helgi Valur Daníelsson | AIK |
| Jóhann Berg Guðmundsson | AZ Alkmaar |
| Birkir Bjarnason | Pescara |
| Ólafur Ingi Skúlason | Zulte Waregem |
| Rúnar Már Sigurjónsson | Valur |
| Gylfi Þór Sigurðsson | Tottenham |
| Alfreð Finnbogason | Heerenveen |
| Matthías Vilhjálmsson | Start |



**LAGERBÄCK** Byrjaður að undirbúa næsta alvöruleik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lagerbäck velur landsliðshóp:

## Ekkert óvænt

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari valdi ekki Kára Árnason, Rúrik Gíslason og Grétar Rafn Steinsson í hópinn sem mætir Andorra hinn 14. nóvember.

Ástæðan er sú að þeir eru í banni gegn Slóveníu í mars og Lagerbäck er þegar byrjaður að huga að þeim leik.

Einnig var ekkert pláss fyrir Eið Smára Guðjohnsen að þessu sinni, en Lagerbäck vill frekar skoða Matthías Vilhjálmsson. - **hbg**

# Gullmolinn Lewandowski

### Meistaradeild Evrópu fer aftur í gang í kvöld en stórleikur kvöldsins er viðureign Spánarmeistara Real Madrid og Þýskalandsmeistara Borussia Dortmund.

**FÓTBOLTI** Stórleikur kvöldsins í Meistaradeild Evrópu er leikur Real Madrid gegn Borussia Dortmund. Spánarmeistararnir berjast þar um efsta sæti D-riðilsins við þýska meistaraliðið.

Árangur þýska liðsins hefur vakið mikla athygli, sérstaklega þar sem félagið var nánast gjaldþrota árið 2004.

Margar ástæður lágu þar að baki, en forsvarsmenn félagsins tóku mikla áhættu á leikmannamarkaðinum og gerðu risasamninga sem reyndist erfitt að standa við. Staða félagsins var það slæm árið 2004 að Dortmund fékk lánaða peninga frá forsvarsmönnum Bayern München, eða sem nemur 330 milljónum kr. Upphæðin sem Dortmund fékk að láni var aðeins dropi í hafið en félagið skuldaði á þessum tíma um 33 milljarða kr. Thomas Tress, fjármálastjóri þýsku meistaranna, kom til starfa hjá Dortmund þegar fjárhagur félagsins var í tómu tjóni. „Við lærðum af mistökunum. Það er ekki hægt að eyða peningum sem eru ekki til. Við getum ekki keppt við risa á borð við Barcelona eða Bayern á markaðnum," sagði Tress í blaðaviðtali.

Bestu leikmenn Dortmund eru ofarlega á innkaupalista stórliða í Evrópu. Framherjinn Robert Lewandowski er „gullmolinn" sem öll lið vilja fá í sínar raðir. Þessi 24 ára gamli Pólverji er með lausan samning árið 2014 og það má búast við því hann verði seldur, jafnvel í janúar. Dortmund hafnaði síðastliðið sumar tilboði frá Manchester United í Lewandowski upp á rúmlega 3,2 milljarða króna, sem nemur 16 milljónum punda.

Lewandowski hefur skorað 33 mörk fyrir Dortmund í 75 leikjum frá því hann kom til félagsins árið 2010 frá Poznan í Póllandi.

seth@frettabladid.is



**SJÓÐHEITUR** Ansi mörg félög vilja tryggja sér þjónustu Pólverjans Robert Lewandowski enda hefur hann farið mikinn með Dortmund. NORDICPHOTOS/GETTY

## Leikir kvöldsins

**A-riðill:**
Dynamo Kiev - Porto
PSG - Dinamo Zagreb
Staðan: Porto 9 stig, PSG 6, Kiev 3, Zagreb 0.

**B-riðill:**
Schalke - Arsenal — Sport 4
Olympiakos - Montpellier
Staðan: Schalke 7 stig, Arsenal 6, Olympiakos 3, Montpellier 1.

**C-riðill:**
AC Milan - Malaga
Anderlecht - Zenit St. Petersburg
Staðan: Malaga 9 stig, AC Milan 4, Zenit 3, Anderlecht 1.

**D-riðill:**
Real Madrid - Dortmund — Sport & HD
Man. City - Ajax — Sport 3
Staðan: Dortmund 7 stig, Real 6, Ajax 3, Man. City 1.

## ÚRSLIT

### Lengjubikar karla:

**KR-Snæfell 90-67**
KR: Martin Hermannsson 19, Brynjar Þór Björnsson 14, Finnur Atli Magnusson 14/7 fráköst, Kristófer Acox 14/7 fráköst, Keagan Bell 9, Danero Thomas 7, Ágúst Angantýsson 7/8 fráköst, Helgi Már Magnússon 3, Darri Atlason 2, Jón Orri Kristjánsson 1.
Snæfell: Asim McQueen 17/10 fráköst, Jón Ólafur Jónsson 15, Sveinn Arnar Davidsson 12, Ólafur Torfason 7, Stefán Karel Torfason 6, Hafþór Ingi Gunnarsson 5, Jay Threatt 5.

**Grindavík-Haukar 105-61**
Grindavík: Samuel Zeglinski 20, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 16, Jóhann Árni Ólafsson 15, Jón Axel Guðmundsson 13, Aaron Broussard 11/11 fráköst/5 stolnir, Björn Steinar Brynjólfsson 8, Ómar Örn Sævarsson 8, Þorleifur Ólafsson 6, Davíð Ingi Bustion 4, Ólafur Ólafsson 3, Jens Valgeir Óskarsson 1.
Haukar: Arryon Williams 23/12 fráköst, Haukur Óskarsson 13, Davíð Páll Hermannsson 6, Emil Barja 6, Þorsteinn Finnbogason 4, Alex Óli Ívarsson 3, Helgi Björn Einarsson 2, Hlynur Viðar Ívarsson 2.

**Njarðvík-ÍR 86-73**
Njarðvík: Marcus Van 27/17 fráköst, Elvar Már Friðriksson 21/8 stoðsendingar, Maciej Stanislav Baginski 12, Óli Ragnar Alexandersson 6, Hjörtur Hrafn Einarsson 6/5 fráköst, Friðrik E. Stefánsson 4, Oddur Birnir Pétursson 4, Ágúst Orrason 4/7 fráköst, Magnús Már Traustason 2.
ÍR: Eric James Palm 27, Tómas Aron Viggóson 8, Hreggviður Magnússon 8, Ellert Arnarson 7/8 stoðsendingar, Vilhjálmur Theodór Jónsson 6, Ólafur Már Ægisson 5, Þorvaldur Hauksson 4, Nemanja Sovic t, Hjalti Friðriksson 4/8 fráköst.

**Breiðablik-Stjarnan 74-88**
Breiðablik: Hraunar Karl Guðmundsson 20, Atli Örn Gunnarsson 12/10 fráköst, Helgi Hrafn Ólafsson 11, Sigmar Logi Björnsson 9, Ægir Hreinn Bjarnason 7/5 fráköst, Pálmi Geir Jónsson 5, Hákon Bjarnason 4, Ásgeir Nikulásson 2,.
Stjarnan: Justin Shouse 20/8 stoðsendingar, Dagur Kár Jónsson 18, Brian Mills 16/10 fráköst, Marvin Valdimarsson 11, Kjartan Atli Kjartansson 6, Jovan Zdravevski 5, Björn Kristjánsson 5, Sæmundur Valdimarsson 4/5 fráköst, Daði Lár Jónsson 2, Sigurður Sturluson 1.


**Hvernig einkarekin þjónustufyrirtæki geta létt á opinberum rekstri**



**Dagskrá** fundarins:

Opnunarávarp frá **Katrínu Júlíusdóttur**, fjármála- og efnahagsráðherra Íslands.



**Valda skattalög röskun á samkeppnisstöðu** einkaaðila og hins opinbera?
Hjördís Gunnarsdóttir, Skatta- og lögfræðisviði Deloitte



Þjónustufyrirtæki geta hjálpað við að **ná betri árangri**.
Guðmundur Stefán Björnsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Símans.



Upplýsingaþjónusta sem **blómstrar í höndum einkaaðila**.
Samúel Ásgeir White, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Creditinfo.



**Sólskinssögur og tækifæri.** Guðrún Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hjá Ríkiskaupum.

**Pallborðsumræður** og fyrirspurnir úr sal.

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu

**Hvað getum við gert fyrir þig?**

Er þitt fyrirtæki að nýta öll sín tækifæri?

Hvað getur þitt fyrirtæki lagt af mörkum til að bæta opinberan rekstur?

Opinn fundur á Grand Hóteli, Gullteigi, 7. nóvember kl. 8:00-10:00 og hefst á léttum morgunverði.

Ráðstefnugjald er 2.500 kr. Skráðu þig með því að senda tölvupóst á svth@svth.is eða hringja í síma 511 3000.

Deloitte. CREDITINFO Síminn RÍKISKAUP

**Verð frá 4.990 þús. kr.**

# QASHQAI DÍSIL
# 4,6 l / 100 km

NISSAN

SHIFT_

NISSAN
**QASHQAI**

Samkvæmt samantekt umferðarstofu er Qashqai mest keypti jepplingurinn á Íslandi frá janúar til september 2012




ENNEMM / SÍA / NM54815

/nissanvinir

## ENGIN FURÐA AÐ QASHQAI ER SVONA VINSÆLL

Flestir sem hafa keypt sér nýjan jeppling á árinu 2012 hafa valið Nissan Qashqai. Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl, sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

**Nissan Qashqai dísil eyðir einungis frá 4,6l/100km.**

**www.nissan.is**

**Verð frá 4.990 þús. kr.**

- 20 cm veghæð
- Litaðar rúður
- Tölvustýrð loftkæling
- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- Bakkskynjari
- 17" álfelgur og margt fleira

B|L

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

## > Stöð 2 Sport kl. 19.00
## Meistaradeild Evrópu

***Það eru sannkallaðir stórleikir á dagskrá í Meistaradeild Evrópu í kvöld og þrír þeirra verða sýndir í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og hliðarrásum. Leikur Real Madrid og Borussia Dortmund er sýndur á aðalrásinni, leikur Manchester City og Ajax á Sport 3 og leikur Schalke og Arsenal á Sport 4. Þorsteinn J. hefur upphitun klukkan 19.00 og flautað verður til leikjanna klukkan 19.45. Sýnt verður frá öllum leikjum strax að þeim loknum.***



# dagskrá

## Í KVÖLD



### Wedding Daze

Þegar unnusta Andersons deyr ákveður hann í sorg sinni að biðja gengilbeinu sem hann þekkir ekkert að giftast sér. Honum að óvörum segir hún já svo nú þarf að standa við stóru orðin.

**Leikstjóri:** Michael Ian Black. **Aðalhlutverk:** Jason Biggs, Isla Fisher og Michael Weston.

Rotten Tomatoes 33% IMDb 5,7 Bíó 15.50



### Kosningar í Bandaríkjunum

Kosningabaráttan, stjórnmálaástandið í Bandaríkjunum, verkefni forsetans og áhrif þeirra á Ísland verður rætt við gesti í sjónvarpssal Rúv. Á miðnætti verður skipt yfir á kosningasjónvarp CBS.

**Frambjóðendur:** Barack Obama, Mitt Romney. **Umsjónamenn:** Bogi Ágústsson og Ingólfur Bjarni Sigfússon / Scott Pelly.

RÚV 23.15



### Anger Management

Charlie Sheen hefur haft sig hægan frá því hann hvarf úr þáttunum Two and a Half Men með dramatískum hætti. Hann snýr hér aftur í hlutverki Charlie Goodson, sálfræðings sem er skikkaður á reiðistjórnunarnámskeið.

**Höfundur:** Bruce Helford. **Aðalhlutverk:** Charlie Sheen, Selma Blair og Shawnee Smith.

44/100 IMDb 7,1 Stöð 2 20.30



### Secret Diary of a Call Girl

Sannsögulegir þættir, blandaðir af dramatík og gamni og byggðir á dagbók stúlku sem lifir tvöföldu lífi. Hún kallar sig Belle de Jour og vinnur fyrir sér sem fylgdardama í London.

**Höfundur:** Lucy Prebble. **Aðalhlutverk:** Billie Piper, Iddo Goldberg og Cherie Lunghi.

53/100 IMDb 7,1 Skjáreinn 20.30

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.00 Þrekmótaröðin** (1:6)
**15.45 Íslenski boltinn** (e)
**16.30 Ástareldur** (Sturm der Liebe) Þýsk þáttaröð um ástir og afbrýði eigenda og starfsfólks á Hótel Fürstenhof í Bæjaralandi.
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.41 Skúli skelfir**
**17.52 Hanna Montana** (e)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Nigella í eldhúsinu** (3:13) (Nigella: Kitchen) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 360 gráður** Skyggnst inn í íþróttalíf landsmanna og rifjuð upp gömul atvik.
**20.45 Djöflaeyjan** Fjallað um leiklist, kvikmyndir og myndlist með gagnrýnum hætti.
**21.25 Krabbinn** (10:10) (The Big C III) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem berst við krabbamein en reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Njósnadeildin** (2:6) (Spooks X) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**> 23.15 Kosningar í Bandaríkjunum**
**06.00 Dagskrárlok**

## Stöð 2 BÍÓ

**11.10 Wedding Daze**
**12.40 Delgo**
**14.10 The Invention of Lying**
**> 15.50 Wedding Daze**
**17.20 Delgo**
**18.50 The Invention of Lying**
**20.30 Date Night**
**22.00 Green Zone**
**23.55 Stargate: The Ark of Truth**
**01.35 Date Night**
**03.05 Green Zone**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** (6:22)
**08.30 Ellen** (35:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (16:175)
**10.15 The Wonder Years** (1:22)
**10.40 How I Met Your Mother** (14:24)
**11.05 Suits** (9:12)
**11.50 The Mentalist** (8:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** (5:39) (6:39)
**14.40 Sjáðu**
**15.10 iCarly** (22:45)
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (36:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** (6:17)
**19.40 Modern Family** (4:24)
**20.05 Modern Family** (22:24) Þáttaröð um líf þriggja ólíkra nútímafjölskyldna.
**> 20.30 Anger Management** (7:10)
**20.55 Chuck** (4:13)
**21.40 Burn Notice** (2:18) Fimmta þáttaröðin um njósnarann Michael Westen sem var settur á brunalistann hjá CIA og nýtur því ekki lengur verndar yfirvalda. Westen vinnur smám saman upp traust á réttum stöðum og er nú sífellt nær því að koma upp um þá sem dæmdu hann úr leik á sínum tíma.
**22.30 The Daily Show: Global Edition**
**22.55 New Girl** (2:22)
**23.20 Up All Night** (14:24)
**23.45 Grey's Anatomy** (4:24)
**00.30 Touch** (2:12)
**01.15 The Listener** (13:13)
**01.55 I Love You Beth Cooper**
**03.35 The Mentalist** (8:24)
**04.20 Chuck** (4:13)
**05.05 Modern Family** (22:24)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Spænsku mörkin**
**18.30 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**19.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Dortmund** BEINT
**21.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í Meistaradeild Evrópu.
**22.30 Meistaradeild Evrópu: Man. City - Ajax**
**00.20 Meistaradeild Evrópu: Schalke - Arsenal**
**02.10 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 WBA - Southampton**
**14.45 Sunderland - Aston Villa**
**16.25 Man. Utd - Arsenal**
**18.05 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 QPR - Reading**
**20.40 Liverpool - Newcastle**
**22.20 Football League Show 2012/13**
**22.50 Sunnudagsmessan**
**00.05 Tottenham - Wigan**

### Í BEINNI Á HLIÐARRÁSUM

**Sport 3 - 19.30** City – Ajax
**Sport 4 - 19.30** Schalke – Arsenal

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Stubbarnir**
**09.35 Strumparnir**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.20 Ævintýri Tinna**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.25 Xiaolin Showdown**
**17.50 iCarly** (34:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan**(16.21) Þrumuveður skekur Springfield og þakið fer að leka hjá Simpson-fjölskyldunni. Hómer kynnist þakmiðnum Ray, sem ákveður að hjálpa honum við viðgerðir á þakinu. Marge heldur að Hómer ljúgi til um Ray og sendir hann á geðdeild.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Glee** (15:22)
**18.35 Game Tíví**
**19.00 Friends** (21:24) Monica setur nafn sitt á tveggja ára biðlista eftir veislusal fyrir brúðkaup og Chandler þykist verða brjálaður til að fela að hann ætli að biðja hennar.
**19.25 The Simpsons** (2:25)
**19.50 How I Met Your Mother** (6:22) Lily gerist þjófur á nýja vinnustaðnum til að kenna yfirmanni sínum lexíu.
**20.10 The Secret Circle** (12:22) Unglingsstúlka flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa öll yfir óvenjulegum hæfileikum.
**20.50 The Vampire Diaries** (12:22) Unglingsstúlka fellur fyrir strák sem er vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21.35 Game Tíví**
**22.00 The Secret Circle** (12:22)
**22.40 The Vampire Diaries** (12:22)
**23.25 Game Tíví**
**23.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Stöð 2 GULL

**18.15 Doctors** (63:175)
**19.00 Ellen** (36:170)
**19.45 Mr. Bean**
**20.15 The Office** (3:6)
**20.50 Gavin and Stacey** (3:6)
**21.20 Spaugstofan**
**21.45 Ljósvakavíkingar – Stöð 2** (4:5)
**22.20 Mr. Bean**
**22.50 The Office** (3:6)
**23.25 Gavin and Stacey** (3:6)
**23.55 Spaugstofan**
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dr. Phil** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.40 Parenthood** (7:22) (e)
**16.25 Kitchen Nightmares** (4:17) (e)
**17.15 Rachael Ray**
**18.00 Dr. Phil**
**18.40 30 Rock** (11:22) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (28:48) (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (25:25) (e)
**19.55 Will & Grace** (21:24) (e)
**20.20 America's Next Top Model** (11:13)
**21.10 GCB** (10:10) Bandarísk þáttaröð sem gerist í Texas þar sem allt er leyfilegt. Þegar Carlene kynnir nýjar íbúðir í miðri eyðimörkinni kemur að þolmörkum hjá mörgum þeirra enda er alls ekki tryggt að þær lifi ferðalagi af.
**22.00 In Plain Sight** (7:13)
**> 22.50 Secret Diary of a Call Girl** (4:8)
**23.15 Sönn íslensk sakamál** (3:8) (e)
**23.45 Bedlam** (2:6) (e)
**00.35 In Plain Sight** (7:13) (e)
**01.25 Blue Bloods** (17:22) (e)
**02.10 Everybody Loves Raymond** (25:25) (e)
**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** World Golf Championship 2012 (1:4) **12.10** Golfing World **13.00** World Golf Championship 2012 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour – Highlights (38:45) **19.45** Arnold Palmer Invitational 2012 (4:4) **00.15** Golfing World **01.05** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# FJÖRGAÐU TILVERUNA MEÐ CITROËN C4 COMFORT.
SJÁÐU HÁTÍSKUNA OG NÝJUSTU SPARTÆKNI.

CITROËN

## CITROËN **C4 Comfort** dísil **3.190.000 kr.**

*Fæst sjálfskiptur*

Sparneytinn
**1,6 Hdi 92 hö.**
Dísil
Notar
**4,2L/100 km.**
Fær frítt í stæði*




> Flottur búnaður m.a. loftkæling og frjókornasía, aksturstölva, hraðastillir (cruise control), iPod og MP3 tengi og fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki ásamt mörgu öðru.

**Gott verð núna. Nýttu tækifærið og sameinaðu hátísku og sparnað.**

Gríptu hvert tækifæri til að fjörga upp á tilveruna. Fáðu hátísku, gæði og sparneytni á hagstæðu verði með Citroën C4 Comfort. Í kaupbæti færðu hagkvæman rekstur með lægri kostnaði við þjónustu og varahluti og að lokum frábæra endursölu. Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8, eða Tryggvabraut 5, Akureyri, í dag og prófaðu hvað Citroën C4 Comfort kemur vel út og er rúmgóður.

Sjáðu Citroën. Spurðu um Fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.

CITROËN **C4 Comfort** dísil
3.190.000 kr.
**28.293** kr./mán.*

* Eldsneytisnotkun í langkeyrslu 3,6l/100km, í blönduðum akstri 4,2l/ 100 km og innanbæjarakstri 5,2l/100km. $CO_2$ losun er 110g/km. Orkuflokkur A

** Citroën C4 Comfort 1,6Hdi 92 hestöfl og 5 gíra. Kaupverð 3.190.000 kr. Mánaðargreiðslan er miðuð við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl /útborgun að verðmæti 1.500.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí. Hlutfallstala kostnaðar er 10.61%. Frítt í stæði hjá Reykjavíkurborg í 90 mín. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | citroen.is

Opið virka daga kl. 09.00 - 17.00, laugardaga kl. 12.00 - 16.00.
Aukin þjónusta. Varahlutaverslun opin laugardaga frá 12-16.

## DRYKKURINN



*„Það sem ég drekk mest er jógate með agave-sýrópi, engifer og chili. Það róar hugann og gefur manni einbeitingu."*

Ýr Þrastardóttir fatahönnuður.

# Útskýra jólaorðin í dagatalinu

„Við erum komnar í mikið jólaskap," segir Hrefna Hallgrímsdóttir, sem íslensk börn þekkja flest undir nafninu Skrítla. Þær vinkonur Skoppa og Skrítla eru nú í óðaönn að undirbúa glænýtt jóladagatal sem frumsýnt verður í desember á Stöð 2.

Þáttunum fylgir jóladagatal sem börnin geta eignast og hengt upp heima. „Í upphafi hvers þáttar opnum við glugga á dagatalinu okkar en þar leynist orð og lítil mynd. Orðin tengjast aðdraganda jólanna sem börnin heyra okkur fullorðna fólkið nota en þau skilja ekki endilega sjálf," útskýrir Hrefna. „Sem dæmi má nefna orð eins og kátína, eftirvænting, annríki og frímerki." Stöllurnar munu fá hjálp frá ýmsum vinum til að átta sig á merkingu orðanna og sumir eru ekki betur að sér en svo að þeir telja hirðingja einfaldlega vera einhvern sem fer reglulega í Sorpu til þess að hirða þar eitthvert drasl.

Þannig telja Skoppa og Skrítla niður dagana með börnunum en líkt og þau eru þær báðar mjög spenntar fyrir jólunum. „Við þurfum sífellt að minna hvor aðra á að vera þolinmóðar," segir Hrefna og bætir við: „Í lok hvers þáttar drögum við eitthvað upp úr jólapokanum okkar og smám saman verður jólalegra hjá okkur." Skoppa og Skrítla eiga heima baksviðs í leikhúsinu, eins og íslensk börn vita.

Þættirnir verða þrjár til fjórar mínútur að lengd og stöllurnar leitast við að höfða til jólabarna á öllum aldri. „Við reynum að hafa þættina þannig að yngstu börnin njóti þeirra, jafnvel þótt þau skilji ekki endilega það sem fram fer," segir Hrefna og bætir við að það sé líka mikilvægt að fullorðna fólkið geti haft gaman af þeim.

Líkt og áður skipar tónlist og dans stóran þátt hjá Skoppu og Skrítlu og enginn ætti að fara í jólaköttinn við að aðstoða þær í leitinni að sönnum kærleiksanda jólanna. **- hþó**



**JÓLAKNÚS** Skoppa og Skrítla opna glænýtt jóladagatal með börnunum á Stöð 2 í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Sjúkraþjálfunin SPORTHÚSINU



FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

Bjóðum Elsu Sæný Valgeirsdóttur sjúkraþjálfara velkomna til liðs við okkur

Sjúkraþjálfunin Sporthúsinu Dalsmára 9-11
Tímapantanir í síma 564 4067


**KRISTÍN TÓMASDÓTTIR:** KOMST AÐ ÞVÍ AÐ STELPUR GETA ALLT

# Allar stelpur sigurvegarar

„Ég er eiginlega ánægðust með þessa bók af öllum vegna þess að hún veltur meira á viðfangsefnunum sjálfum en á mér," segir rithöfundurinn Kristín Tómasdóttir, sem nýverið gaf út bókina Stelpur geta allt.

Í bókinni, sem ætluð er unglingsstúlkum, er að finna viðtöl við 22 íslenskar stelpur sem deila reynslu sinni á einlægan og opinskáan máta. Einnig er að finna viðtöl við eldri fyrirmyndir sem segja frá sinni upplifun af unglingsárunum, ásamt nokkrum nafnlausum reynslusögum.

Alls eru 35 raddir í bókinni, en tilgangurinn er að fá stelpur til að fræða hver aðra. Meðal þess sem er til umfjöllunar í Stelpur geta allt er krabbamein, kynleiðréttingarferli og viðtöl við galdrastelpu og júdómeistara. Kristín segir það í raun merkilegt hversu breitt svið viðmælendur hennar endurspegla.

„Mér hlýnar um hjartarætur þegar ég hugsa um stelpurnar sem voru svo opnar og viljugar að miðla sinni reynslu. Ég gerði mér ekki grein fyrir hversu mikil vinna þetta yrði fyrir þær og hversu mikið ég þyrfti að bögga þær á meðan á þessu stóð. Þær voru svo samviskusamar og frábærar," segir Kristín sem er ekki í vafa hvað stendur upp úr. „Þegar bókin var tilbúin komst ég að því að stelpur geta allt og að þær eru allar sigurvegarar."



**HVERGI NÆRRI HÆTT** Kristín Tómasdóttir gefur út sína þriðju bók um unglingsstelpur, Stelpur geta allt, en hún er nú þegar byrjuð á næstu bók þar sem hún fullyrðir að stelpur komi ekkert við sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bókin er aðgengileg með stórum myndum og léttlesnum texta. Markmiðið er að fá sem flesta til að lesa og telur Kristín að þessi bók höfði til breiðari aldurshóps en fyrri bækur hennar, Stelpur! og Stelpur A-Ö. „Eins og mamma mín sagði þá fletti hún í gegnum hinar bækurnar en gat hins vegar ekki slitið sig frá þessari. Það er alveg hægt að taka mark á því þó að hún sé kannski ekki sú hlutlausasta."

Kristín segist hvergi nærri hætt að skrifa bækur fyrir unglingsstelpur og fullyrðir að mikla gjá sé að finna í bókmenntum fyrir þann hóp. „Ég er strax byrjuð að leggja drög að nýrri bók, en næsta bók sem ég skrifa tengist stelpum ekki neitt," segir Kristín leyndardómsfull.

Kristín er á ferð og flakki þessa dagana milli félagsmiðstöðva, skóla og félagasamtaka þar sem hún fræðir stelpur meðal annars um mótun sjálfsmyndar.

**alfrun@frettabladid.is**

### MEÐAL VIÐMÆLENDA Í STELPUR GETA ALLT

- Aníta Björk Jóhanns- og Randíardóttir – lesbískur heimsmeistari í sundi
- Birta Blín Ísrúnardóttir – grænmetisæta
- Fanney Þorbjörg Guðmundsdóttir – skíðadrottning
- Heiða Dís Einarsdóttir – ræðir um að greinast með leghálskrabbamein en hún lést langt fyrir aldur fram fyrr í haust
- Katrín Ásmundsdóttir – ræðuskörungur
- Nanna Bryndís Hilmarsdóttir – söngkona Of Monsters and Men
- Ólína Helga Sverrisdóttir – forritunarsnillingur
- Ugla Stefanía – transstúlka

Fyrirmyndir:

- María Sigrún Hilmarsdóttir – fréttakona
- Sólveig Eiríksdóttir – heilsukokkur
- Hildur Knútsdóttir – rithöfundur


SVÞ

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERSLA Á ÍSLANDI

Höldum hagkerfinu gangandi og veljum verslun og þjónustu á Íslandi.

Samtök verslunar og þjónustu



SAFT



RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVIN

Heimili og skóli

www.saft.is


# Draumur hafsins afhjúpaður

„Ég er mjög ánægð með þetta. Þetta hefur allt heppnast ofsalega vel," segir Rafaella Brizuela Sigurðardóttir.

Hún hefur lokið við risastórt málverk, sem kallast Draumur hafsins, á hundrað fermetra húsgafl á Laugavegi 159. Verkefnið hófst í byrjun september, eins og Fréttablaðið hefur greint frá, og lauk í gær. Af því tilefni var haldið partí við listaverkið þar sem boðið var upp á heitt kakó, pinnamat og ís, auk þess sem DJ Margeir þeytti skífum.

Hugmyndin á bak við listaverkið kemur úr gamalli persneskri sögu úr bahái-trúnni og einnig úr íslenskri menningu. Rafaella málaði fiska, haf og síðhærða stúlku á vegginn með aðstoð góðs fólks. „Ég gerði fiskana, sjóinn og hárið fyrst. En um leið og stelpan var komin á málverkið byrjaði fólk að stoppa og skoða og spyrja. Mörgum finnst þetta ótrúlega flott."

Rafallea er með nýtt verkefni í bígerð sem verður ef allt gengur að óskum unnið á Húsavík. „Það voru strákar sem brutust inn til konu á Húsavík. Hún talaði við þessa stráka og foreldra þeirra og hugsaði svo með sér hvernig það væri að bjóða þessum krökkum að taka þátt í verkefni næsta sumar. Þau eru búin að finna vegg og vilja fá mig til að gera einhverja skemmtilega mynd með þeim," segir Rafaella, sem tekur fram að verkefnið sé á byrjunarstigi. **- fb**



**MÁLVERKIÐ TILBÚIÐ** Málverkið Draumur hafsins sem Rafaella bjó til er tilbúið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**PANTAÐU MEÐ APPI EÐA Á NETINU**

Það er fljótlegt og þægilegt að panta með **Domino's appinu** og á vefnum okkar, **dominos.is**. Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

WWW.DOMINOS.IS
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP

# ÚTI ER RIGNING OG ROK

OG SÓFINN ER ALVEG SÉRSTAKLEGA MJÚKUR Í KVÖLD.

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
DOMINO'S
1.000 KR.
ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM



**FIESTA** Hvítlaukur, pepperoni, sveppir, ananas, rjómaostur og oregano

VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Systir Dorritar sá Sigur Rós

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær voru góðir gestir á tónleikum Sigur Rósar í Nýju Laugardalshöllinni á sunnudagskvöld. Þar á meðal voru forsetahjónin Ólafur Ragnar og Dorrit Moussaieff. Nú er komið í ljós að systir Dorritar, Sharon, var einnig með í för. Eftir tónleikana hittu þau þrjú meðlimi Sigur Rósar baksviðs og héldu þau ekki vatni yfir frammistöðu strákanna. Forsetahjónin eru miklir aðdáendur Sigur Rósar því þau sáu sveitina spila á Klambratúni fyrir nokkrum árum. Þetta var aftur á móti í fyrsta sinn sem Sharon barði hljómsveitina augum.



### Nýbakaður faðir

Orri Páll Dýrason, trommari Sigur Rósar, og eiginkona hans Lukka eignuðust barn aðfaranótt föstudags og var hann því nýbakaður faðir þegar hann spilaði á tónleikum sveitarinnar í Nýju Laugardalshöllinni á sunnudagskvöld. Það var heilbrigður strákur sem kom í heiminn og voru þau hjón að vonum í skýjunum. Þetta er annar strákurinn sem þau eignast saman en fyrir eiga þau Dýra. Orri Páll á einnig fyrir dótturina Vöku. Trommarinn fær ekki langan tíma til að eyða með syninum því hann heldur af stað í tónleikaferð til Ástralíu í dag með Sigur Rós. - fb



## Mest lesið vísir

1. Ráðherra í ástarsambandi við átta karlmenn
2. Notaði móður sína í fíkniefnasmygli – aðalmeðferð
3. Lifum ekki á fjallagrösum – þurfum alvörustörf
4. Rukkaði 4.625 krónur fyrir mínútusímtal
5. Gróf sig ofan í heita pottinn





